



Barnamenningarsjóður Íslands og barnamenningarverkefnið List fyrir alla

Tillaga starfshóps um
framtíðarstefnumótun um eflingu
barnamenningar og samantekt um
starfsemi Barnamenningarsjóðs
Íslands 2019–2022

Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Barnamenningsjóður Íslands og barnamennningarverkefnið List fyrir alla. Tillaga starfshóps um framtíðarstefnumótun um eflingu barnamennningar og samantekt um starfsemi Barnamenningsjóðs Íslands 2019–2022.

Janúar 2023

for@for.is

forsaetisraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2022 Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-482-37-2

Efnisyfirlit

Útdráttur	6
1. Inngangur	7
1.1 Barnamenningarsjóður	7
1.2 Barnamenningarsjóður Íslands.....	7
1.3 Starfshópur um mótun tillögu um framtíðarstefnu Barnamenningarsjóðs Íslands	8
2. Stjórnsýsla og starfsemi Barnamenningarsjóðs Íslands 2019-2022	9
2.1 Styrkveitingar Barnamenningarsjóðs Íslands 2019-2022	10
2.1 Dreifing verkefna eftir landshlutum	12
2.2 Bakgrunnur umsækjenda	15
2.3 Flokkun verkefna	18
2.4 Áherslur verkefna.....	21
2.5 Markhópar verkefna.....	23
2.6 Aldursdreifing þátttakenda í styrktum verkefnum	23
2.7 Meginniðurstöður samantektar um starfsemi Barnamenningarsjóðs Íslands.....	24
3. Menningarstefna, sjóðir og miðstöðvar listgreina og samþætting barnamenningar	26
3.1 Menningarstefna frá 2013	26
3.2 Aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna 2014-2017.....	26
3.3 Menningarsókn til 2030.....	26
3.4 Barnamenningarverkefnið List fyrir alla.....	27
3.5 Umgjörð og stjórnsýsla sjóða á sviði menningar og lista.....	28
3.6 Miðstöðvar listgreina.....	31
3.7 Barnamenningarverkefni og –sjóðir í Danmörku, Noregi og Svíþjóð	31
3.8 Samantekt – menningarstefna, sjóðir og miðstöðvar listgreina og samþætting barnamenningar	33

4. Tillaga starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir Barnamenningsráð Íslands og List fyrir alla.....	36
Fylgiskjal 1 – yfirlit yfir styrkveitingar.....	37
Styrkveitingar 2019.....	37
Styrkveitingar 2020.....	46
Styrkveitingar 2021.....	57
Styrkveitingar 2022.....	66

Myndaskrá

Mynd 1 Fjöldi umsókna og styrkja á árunum 2019-2022.....	10
Mynd 2 Upphæðir umsókna og styrkveitinga á árunum 2019-2022.....	10
Mynd 3 Dreifing á fjárhæðum styrkja 2019-2022.....	11
Mynd 4 Hlutfall úthlutaðrar fjárhæðar miðað við heildarfjárhæð umsóknar.....	12
Mynd 6 Fjöldi umsókna og styrkveitinga eftir landshlutum.....	12
Mynd 7 Samanburður á hlutfalli styrktra verkefna og hlutfalli barna (2-18 ára) búsettra í landshlutum.....	13
Mynd 8 Heildarupphæðir styrkveitinga á árunum 2019-2022 eftir lögheimili verkefnisstjóra.....	14
Mynd 9 Dreifing styrktra verkefna eftir landshlutum.....	14
Mynd 10 Fjöldi umsókna og árangurshlutfall eftir bakgrunni umsækjenda 2019-2022.....	16
Mynd 11 Heildarkostnaður styrktra verkefna 2019-2022 í milljónum króna.....	16
Mynd 12 Veittir styrkir eftir bakgrunni umsækjenda, í milljónum króna.....	17
Mynd 13 Sundurliðun upphæða af áætluðum heildarkostnaði styrktra verkefna.....	17
Mynd 14 Fjöldi verkefna eftir verkefnaflokkum á árunum 2019-2021.....	19
Mynd 15 Styrkupphæðir eftir verkefnaflokkun styrktra verkefna.....	19
Mynd 16 Fjöldi þátttakenda í styrktum verkefnum eftir verkefnaflokkum.....	20
Mynd 17 Áhersluatriði tilgreind í umsóknum styrktra verkefna 2020-2022.....	22
Mynd 18 Mat styrkþega á hvort markmið verkefnis hafi náðst.....	22

Mynd 19 Aldursdreifing þátttakenda samkvæmt upplýsingum í umsóknum og lokaskýrslum styrktra verkefna	23
Mynd 20 Fjöldi þátttakenda í styrktum verkefnum eftir aldurshópum barna og ungmenna	24

Útdráttur

Í þessari samantekt, sem unnin er af starfshópi forsætisráðherra um mótun tillögu um framtíðarstefnumótun um eflingu barnamennningar er leitast við að draga fram heildarmynd af starfsemi sjóðsins á árunum 2019–2022 með hliðsjón af hlutverki og markmiðum hans. Samantektin er unnin í þeim tilgangi að undirbyggja tillögu starfshóps forsætisráðherra um framtíðarstefnumótun um eflingu barnamennningar og fyrirkomulag Barnamenningsjóðs Íslands í samræmi við sáttamála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá því í nóvember 2021 þar sem segir að sjóðurinn verði festur í sessi.

Teknar eru saman upplýsingar yfir fjölda og fjárhæðir styrktra verkefna Barnamenningsjóðs Íslands á árabílinu með tilliti til markmiða sjóðsins almennt og þeirra þátta sem starfshópnum var falið að skoða sérstaklega m.a. styrkveitingar eftir landshlutum og flokkun þeirra eftir listgreinum og aldursdreifingu þátttakenda í verkefnunum. Þá er fjallað um samræmi milli markmiða styrktra verkefna og markmiða sjóðsins almennt og tekin dæmi um þau verkefni sem hlotið hafa hæstu styrkina úr Barnamenningsjóði Íslands.

Upplýsingarnar sem liggja til grundvallar samantekinni eru fengnar með úrvinnslu gagna annars vegar úr þeim umsóknum sem sjóðnum bárust á árunum 2019–2022 og hins vegar þeim 78 lokaskýrslum styrktra verkefna sem skilað hafði verið í júní 2022.

Í viðauka samantektarinnar má finna ítarlegt yfirlit yfir styrkveitingar úr Barnamenningsjóði á tímabilinu 2019–2022.

Að auki er fjallað um starfsemi barnamennningarverkefnisins List fyrir alla og mögulega samlegð þess við Barnamenningsjóð Íslands. Þá er rýnt í fyrirkomulag og stjórnslu sambærilegra sjóða og miðstöðva listgreina hér á landi og gerð grein fyrir samþættingu barnamennningar við stefnumótun og framkvæmd opinberra menningarverkefna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

1. Inngangur

1.1 Barnamenningsjóður

Í tilefni af lýðveldisafmælinu og alþjóðlegu ári fjölskyldunnar árið 1994 var settur á fót barnamenningsjóður sem hafði það hlutverk að styrkja verkefni á sviði barnamennningar. Sjóðurinn starfaði samkvæmt reglum nr. 246/1994 og síðar nr. 594/2003 og naut árlegs framlags frá Alþingi á fjárlögum. Sjóðurinn var í umsjá mennta- og menningarmálaráðuneytisins en árið 2013 færðist umsýsla hans til Rannís, Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Frá árinu 2016 fékk sjóðurinn ekki fjárveitingar á fjárlögum og var því fjármagni sem áður var úthlutað á vegum hans varið í verkefni í aðgerðaáætlun mennta- og menningarmálaráðuneytis um menningu barna og ungmenna 2014–2017. Barnamenningsjóður hinn fyrri var mun minni að umfangi en Barnamenningsjóður Íslands sem stofnaður var árið 2018, en til samanburðar var alls 3,7 milljónum úthlutað úr sjóðnum árið 2012, sem jafngildir um 4,2 milljónum á verðlagi ársins 2018 en Barnamenningsjóður Íslands hefur frá árinu 2019 haft 100 milljónir króna til úthlutunar árlega.

Alþingi samþykkti í mars 2013 þingsályktun mennta- og menningarmálaráðherra um menningarstefnu nr. 16/141. Í henni voru fjórir meginþættir lagðir til grundvallar þ.m.t. mikilvægi þátttöku barna og ungmenna í menningarlífinu. Stefnunni fylgdi aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna fyrir árin 2014–2017. Meðal verkefna aðgerðaáætlunarinnar sem hrint var í framkvæmd var barnamenningsverkefnið *List fyrir alla*, sem árlega býður grunnskólanemendum á upp á vandaða listviðburði óháð búsetu og efnahag.

1.2 Barnamenningsjóður Íslands

Barnamenningsjóður Íslands var stofnaður í samræmi við ályktun Alþingis nr. 32/148 á hátíðarfundum á Þingvöllum sem haldinn var 18. júlí 2018 í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Ályktunin var lögð fyrir Alþingi af formönnum þeirra stjórnmalaflokka sem þá áttu sæti á Alþingi. Sjóðnum voru tryggð framlög á fjárlögum til fimm ára, 2019-2023, 100 milljónir króna á ári.

Í þingsályktuninni segir að meginmarkmið Barnamenningsjóðs Íslands sé að fjármagna og styrkja verkefni á sviði barnamennningar og að sjóðnum sé ætlað að „styrkja verkefni sem unnin eru fyrir börn, með börnum og af börnum.“ Í ályktuninni er gert ráð fyrir því að menningarstofnanir, aðrar stofnanir og skólar á öllum skólastigum, sem og sjálfstætt starfandi einstaklingar og frjáls félagasamtök geti sótt um styrki úr sjóðum.

Þingsályktunin kveður á um að við styrkúthlutanir skuli sérstök áhersla lögð á eftirfarandi þætti:

- Verkefni sem efla sköpunarkraft barna og ungmenna og hæfni þeirra til þess að verða þátttakendur í þeirri þróun sem nú á sér stað í aðdraganda hinnar svonefndu fjórðu iðnbýltingar,

- Verkefni sem efli samfélagsvitund og stuðli að eflingu lýðræðislegrar þátttöku barna í samfélaginu og áframhaldandi innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,
- Verkefni sem hafa það að markmiði að efla samfélagslega þátttöku barna innflytjenda og flóttafólks og barna sem búa við bágan efnahag.

Í þingsályktuninni segir jafnframt að áhersla á verkefni sem styðji við skuldbindingar Íslands um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna feli í sér viðurkenningu á að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna og lögð er áhersla á að við úthlutun sé horft til verkefna sem efli lýðræðislega þátttöku barna- og ungmenna í íslensku samfélagi.

1.3 Starfshópur um mótun tillögu um framtíðarstefnu Barnamenningsjóðs Íslands

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá því í nóvember 2021 er kveðið á um að meðal verkefna ríkisstjórnarinnar sé að festa Barnamenningsjód Íslands í sessi.

Forsætisráðherra skipaði í mars 2022 starfshóp um mótun tillögu um framtíðarstefnu fyrir Barnamenningsjód Íslands. Starfshópnum var jafnframt ætlað að meta samlegðaráhrif eða aukið samstarf sjóðsins við barnamennningarverkefnið *List fyrir alla*. Fjallað er um tillögu starfshópsins í kafla 4 í samantekt þessari en í henni er gert ráð fyrir að forsætisráðherra flytji Alþingi tillögu til þingsályktunar um eflingu barnamennningar fyrir árin 2024–2028.

Forsætisráðherra skipaði starfshópinn á grundvelli tilnefninga frá menningar- og viðskiptaráðuneyti, stjórnar Barnamenningsjóðs Íslands, barnamennningarverkefninu List fyrir alla, Bandalagi íslenskra listamanna auk fulltrúa forsætisráðherra sem stýrir vinnunni.

Fulltrúar í starfshópnum voru eftirfarandi:

- Henný Hinz, fulltrúi forsætisráðherra, formaður
- Kolbrún Halldórsdóttir, fulltrúi stjórnar Barnamenningsjóðs Íslands
- Elfa Lilja Gísladóttir, fulltrúi List fyrir alla
- Erling Jóhannesson, fulltrúi Bandalags íslenskra listamanna
- Baldur Þórir Guðmundsson, fulltrúi menningar- og viðskiptaráðuneytis

Rósa Guðrún Erlingsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu stefnumála í forsætisráðuneytinu var starfsmaður hópsins.

2. Stjórnýsla og starfsemi Barnamenningsjóðs Íslands 2019-2022

Í samræmi við þingsályktun nr. 32/148 um stofnun Barnamenningsjóðs Íslands skipaði forsætisráðherra fimm manna stjórn sjóðsins og jafnmarga til vara. Einn fulltrúi var skipaður samkvæmt tilnefningu ráðherra menningarmála, einn samkvæmt tilnefningu embættis umboðsmanns barna, einn samkvæmt tillögu Bandalags Íslenskra listamanna og einn samkvæmt tilnefningu ungmennaráðs heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Hlutverk stjórnar sjóðsins er að meta styrkhæfi umsókna og gera tillögur til ráðherra um veitingu styrkja. Rannís, Rannsóknarmiðstöð Íslands var falin umsýsla og varsla sjóðsins.

Reglur um úthlutun styrkja úr Barnamenningsjóði Íslands voru staðfestar af forsætisráðherra þann 8. febrúar 2019. Í þeim kemur fram að hlutverk sjóðsins sé að „styrkja verkefni á sviði barnamennningar, í samræmi við íslenska menningarstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda um menningu barna og ungmenna.“ Jafnframt er sjóðnum „ætlað að styðja fjölbreytta starfsemi á sviði barnamennningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi.“

Stjórnin hefur í samræmi við reglurnar heimild til að leita álits sérfróðra aðila við mat á umsóknum. Í umboði stjórnarinnar starfar fagnefnd sem hefur umsjón með mati umsókna og gerir hún tillögu til stjórnar um úthlutun styrkja.


Mat á umsóknum byggir samkvæmt reglum sjóðsins á áherslum fyrrnefndrar þingsályktunar um stofnun Barnamenningsjóðs Íslands, þ.e. að sjóðurinn styrki verkefni sem;

- styðji við fjölbreytta starfsemi á sviði barnamennningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi.
- stuðli að lýðræðislegri virkni barna í samfélaginu eða taki að öðru leyti mið af inntaki og innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- séu unnin í nánu samstarfi tveggja aðila eða fleiri, svo sem menningarstofnana, skóla, listafólks og félagasamtaka.

Samkvæmt reglunum er sjóðnum ekki ætlað að veita styrki til kjarnastarfsemi eða reglubundins rekstrar opinberra stofnana eða samtaka, til tækjakaupa eða uppbyggingar aðstöðu, s.s. húsnæðis né heldur staka ferðastyrki. Þá eru ekki veittir styrkir til endurtekinna viðburða, s.s. menningarhátíða, nema til komi afgerandi nýbreytni í inntaki, formi eða efnisvali.


2.1 Styrkveitingar Barnamenningsjóðs Íslands 2019-2022

Á árunum 2019-2022 var 371,5 milljónum króna úthlutað úr Barnamenningsjóði Íslands til 149 verkefna.




Mynd 1 Fjöldi umsókna og styrkja á árunum 2019-2022

Sjóðnum bárust alls 440 umsóknir á árunum 2019-2022. Árlega hefur fjöldi umsókna verið á bilinu 106-113 og styrkveitingar á bilinu 34-42. Að jafnaði hefur um þriðjungur umsókna fengið styrkveitingu. Eins og sjá má á mynd 2 er samanlögð upphæð umsókna ár hvert 373,5 – 449,4 m.kr.



Mynd 2 Upphæðir umsókna og styrkveitinga á árunum 2019-2022


Meðalfjárhæð umsókna hefur verið á bilinu 3,6-4 m.kr. og styrkveiting til verkefna að meðaltali á bilinu 2,2-2,7 m.kr.



Mynd 3 Dreifing á fjárhæðum styrkja 2019-2022

Mynd 3 sýnir dreifingu á fjárhæðum styrkja úr Barnamenningsjóði á árunum 2019-2022. Fjárhæðir styrkja á breiðu bili, eða allt frá 300.000 kr. upp í 9,3 m.kr. Flestir styrkir, eða samtals 44 af 149, eru á bilinu 1-1,9 milljónir króna. Dreifingin hefur þó verið misjöfn eftir árum.

Í reglum sjóðsins kemur fram að heimilt sé að styrkja verkefni sem ná yfir lengri tíma en eitt almanaksár. Árið 2019 var tveimur verkefnum veittur styrkur til tveggja ára, en það voru verkefni *Söguheimurinn NORD – Upplifun, sköpun, þátttaka og samvera* og *Handritin til barnanna*. Árið eftir tók stjórn sjóðsins ákvörðun um að breyta skilyrðum styrkveitinga þannig að hægt væri að sækja um framhaldsstyrk til stærri verkefna ef lokaskýrsla hafði borist um fyrri hluta þess. Myndin hér að ofan endurspeglar þetta fyrirkomulag þar sem tveimur styrkjum frá 2019 var skipt niður á tvö ár, 2019 og 2020.




Mynd 4 Hlutfall úthlutaðrar fjárhæðar miðað við heildarfjárhæð umsóknar

Eins og sjá má á mynd 4 hefur hlutfall úthlutaðra styrkja af þeirri fjárhæð sem sótt var um verið misjafnt milli ára. Það skýrist m.a. af því að sum árin hefur verið sótt um háa styrki til verkefna sem hafa fengið úthlutað talsvert lægri upphæð árlega, á meðan fjárhæðir styrkja voru jafnari hin árin.

2.1 Dreifing verkefna eftir landshlutum


Í þessum kafla er gerð grein fyrir dreifingu verkefna sem hlotið hafa styrk úr Barnamenningsjóði Íslands eftir landshlutum.



Mynd 5 Fjöldi umsókna og styrkveitinga eftir landshlutum

Mynd 6 sýnir fjölda og dreifingu umsókna og styrktra verkefna eftir landshlutum. Mörg verkefnanna eru framkvæmd í fleiri en einum landshluta og því er heildarfjöldinn í þessum tölum hærri en heildarfjöldi styrktra verkefna. Styrkt verkefni eru samtals 149 og af þeim fóru 95 fram á höfuðborgarsvæðinu, eða 63,8% allra verkefna. Meirihluti verkefna er því unnin á


höfuðborgarsvæðinu, en mörg þeirra verkefna teygja sig einnig til annarra landshluta og sum til útlanda.



Mynd 6 Samanburður á hlutfalli styrktra verkefna og hlutfalli barna (2-18 ára) búsettra í landshlutum


Mynd 7 sýnir samanburð á hlutfalli styrktra verkefna miðað við hlutfall barna búsettra í landshlutunum á aldrinum 2-18 ára af heildarfjölda barna á landinu.¹ Hlutfall verkefna sem framkvæmd eru á höfuðborgarsvæðinu er nánast jafnt hlutfalli búsettra barna í landshlutanum, en í öllum öðrum landshlutum er hlutfall styrktra verkefna mun hærra en hlutfall búsettra barna af heildarfjölda barna á landinu. Þar sem að styrkt verkefni fara mörg fram í fleiri en einum landshluta er samanlagt hlutfall styrktra verkefna yfir 100%.

¹ Skv. tölum frá Hagstofunni. Tekið var meðaltal fjölda íbúa í hverjum landshluta á aldrinum 2-18 ára á tímabilinu 2019-2022, sömu ár og úthlutað var.



Mynd 7 Heildarupphæðir styrkveitinga á árunum 2019-2022 eftir lögheimili verkefnisstjóra

Mynd 8 sýnir sundurliðun á heildarfjárhæð veittra styrkja, eftir því hvar verkefnastjóri (sá aðili sem stendur fyrir umsókninni) er skráður til heimilis, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, á landsbyggðinni eða erlendis. Hlutfall styrktra verkefna þar sem umsækjandi á heimili erlendis er 1,6%, hlutfallið er tæplega 71% til umsækjenda sem búsettir eru höfuðborgarsvæðinu og 28% til umsækjenda sem búsettir eru á landsbyggðinni. Tölurnar gefa þó eingöngu vísbendingar um dreifingu verkefna um landið þar sem mörg verkefni eru ekki framkvæmd í þeim landshluta þar sem umsækjandi á lögheimili og í einhverjum tilfellum í fleiri en einum landshluta.



Mynd 8 Dreifing styrktra verkefna eftir landshlutum

Eins og fram hefur komið hafði lokaskýrslum fyrir 78 styrkt verkefni verið skilað í júní 2022. Líkt og mynd 9 sýnir fóru 35 þessara verkefna einungis fram á höfuðborgarsvæðinu. Þrjú fóru eingöngu fram á Vesturlandi, átta á Vestfjörðum, tvö á Norðurlandi vestra, sjö á Norðurlandi eystra, þrjú á Austurlandi og tvö á Suðurlandi. Ekkert verkefnanna fór eingöngu fram á Reykjanesi. Fjögur verkefni fóru fram á höfuðborgarsvæðinu og erlendis, tvö verkefni á öllum landsvæðum og erlendis og átta verkefni á höfuðborgarsvæðinu ásamt a.m.k. í einum öðrum landshluta. Aðeins eitt verkefni var unnið í samstarfi landshluta utan höfuðborgarsvæðisins, og fór það fram á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi. Alls fóru því 52 af 78 verkefnum fram að einhverju leyti á höfuðborgarsvæðinu, eða tæplega 63% styrktra verkefna sem skilað hafa lokaskýrslu um framkvæmd verkefnis.

2.2 Bakgrunnur umsækjenda


Í 4. gr. reglna sjóðsins er tekið fram að styrkir séu veittir til einstaklinga, lögaðila, listhópa, fyrirtækja eða stofnana. Jafnframt er í 6. gr. lögð áhersla á að þau verkefni sem unnin eru í nánú samstarfi tveggja aðila eða fleiri, svo sem menningarstofnana, skóla, listafólks og félagasamtaka, hafi sérstakt vægi við mat á umsóknum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er tekið fram að gert sé ráð fyrir því að „menningarstofnanir og aðrar stofnanir og skólar á öllum skólastigum geti sótt um verkefnastyrki til sjóðsins sem og sjálfstætt starfandi einstaklingar og frjáls félagasamtök.“

Í umsóknarformi sjóðsins eru fimm valmöguleikar sem aðalumsækjandi hakar við eftir bakgrunni, en þeir eru:

- Hópur
- Einstaklingur
- Félagasamtök
- Fyrirtæki
- Stofnun


Hópar í þessu samhengi eru listhópar. Fyrirtæki sem sótt hafa um eru af fjölbreyttum toga en sem dæmi má nefna fyrirtæki listamanna utan um ákveðin verkefni, svo sem menningarhátíðir og listaviðburðir, auk útgáfufyrirtækja, framleiðslufyrirtækja, einkarekinna listaskóla og safna.



Mynd 9 Fjöldi umsókna og árangurshlutfall eftir bakgrunni umsækjenda 2019-2022


Flestar umsóknir hafa komið frá stofnunum, eða 286, og næstflestar frá félagasamtökum, eða 265 talsins. Þegar fjöldi umsókna er borinn saman við fjölda veittra styrkja til umsóknaraðila eftir bakgrunni þeirra má sjá að hlutfallslega eru stofnanir líklegastar til að hljóta styrki, með 46,2% árangurshlutfall, þarnaest félagasamtök með 35,5% árangurshlutfall en lægsta árangurshlutfallið er meðal hópa, einungis 11,4%.

Í þessu samhengi er mikilvægt að nefna að margar umsóknir hafa borist frá aðilum í samstarfi um ákveðin verkefni í samræmi við þá áherslu sjóðsins að styrkja samstarfsverkefni tveggja aðila eða fleiri. Greiningin byggir, líkt og fram hefur komið, á þeim aðila sem stendur að umsókninni og endurspeglar því ekki fyllilega aðkomu annarra aðila að verkefninu.




Mynd 10 Heildarkostnaður styrktra verkefna 2019-2022 í milljónum króna

Mynd 11 sýnir heildarkostnað þeirra verkefna sem styrkt voru á árunum 2019-2022. Þar má sjá að verkefni með hæsta heildarkostnaðinn tilgreina stofnanir sem aðalumsækjanda, en heildarkostnaður þeirra verkefna er um 74% af heildarkostnaði allra verkefna samanlagt.



Mynd 11 Veittir styrkir eftir bakgrunni umsækjenda, í milljónum króna

Mynd 12 sýnir samanlagðar fjárhæðir sem styrkt verkefni hafa fengið úr Barnamenningsjóði Íslands eftir bakgrunni umsækjenda. Verkefni þar sem stofnanir eru tilgreindar sem aðalumsækjandi hafa fengið rúmlega helming úthlutaðrar heildarfjárhæðar, um 52% eða um 191,5 milljón króna. Samanborið við heildarkostnað verkefna í umsóknum er hlutur stofnana þó lægri, sem gefur til kynna að stofnanir fjármagni stærri hluta verkefna sinna með öðrum hætti en með styrkjum úr Barnamenningsjóði Íslands.



Mynd 12 Sundurliðun upphæða af áætluðum heildarkostnaði styrktra verkefna

Á mynd 13 má sjá sundurliðun fjárhæða sem áætlaðar eru í umsóknum eftir ólíkum tegundum umsækjenda.


Stofnanir sækja um hlutfallslega minnst fjármagn af áætluðum heildarkostnaði verkefna í Barnamenningsjóð, eða 17,7%. Hlutfall eigin framlags stofnana af heildarkostnaði verkefna er þó ekki rétt rúmlega 16%. Því má leiða líkum af því að stærstur hluti þeirra verkefna þar sem stofnanir eru aðalumsækjendur sé fjármagnaður með öðrum hætti en eingöngu með framlagi frá sjóðnum. Hins vegar eru stofnanir sá aðili sem sækir um hæstu heildarfjárhæðir í sjóðinn. Hlutfall launa af heildarkostnaði er lægst hjá stofnunum, eða 20,2% en á bilinu 52–71% hjá umsækjenda með annan bakgrunn.

Aðilar sem leggja fram lægsta hlutfall eigin framlags til verkefna eru félagasamtök, með 7,8%, en hæsta hlutfall eigin framlags er meðal fyrirtækja, eða tæplega tuttugu af hundraði.

Hópar og einstaklingar sækja um hæst hlutfall af heildarkostnaði verkefna í Barnamenningsjóð, þ.e. að meðaltali um 60% af áætluðum kostnaði verkefnisins. Veittir styrkir standa hins vegar ekki undir jafn háu hlutfalli heildarkostnaðar verkefna hjá þessum aðilum, en styrkir veittir einstaklingum duga fyrir 40,7% af áætluðum heildarkostnaði, 28,8% af heildarkostnaði verkefna hjá hópum og svipuðu hlutfalli, eða 28,6% hjá félagasamtökum. Styrkveitingar til verkefna á vegum fyrirtækja fjármagna hæst hlutfall áætlaðs heildarkostnaðar eða 44%.


2.3 Flokkun verkefna

Í þessum kafla er fjallað um upplýsingar úr lokaskýrslum styrkþega um flokkun verkefna eftir listgreinum, samfélagslegri skírskotun, heildarupphæðum styrkja og meðalupphæðir styrkja innan verkefnaflokka. Þá verður fjallað um fjölda þátttakenda í verkefnum eftir flokkun verkefna. Rétt er að árétta að hér er um að ræða upplýsingar sem veittar eru af styrkþegum viðkomandi verkefna.




Mynd 13 Fjöldi verkefna eftir verkefnaflokkum á árunum 2019-2021

Mynd 14 sýnir fjölda verkefna eftir verkefnaflokkum sem framkvæmd voru skv. upplýsingum úr lokaskýrslum frá 2019-2021. Flest styrktra verkefna, eða 21, falla undir flokk sem ber yfirskriftina samfélag en í hann falla verkefni á sviði leikja, íþróttar, samfélagsmála og sjálfstyrkingar. Fjöldi verkefna í flokki sviðslista eru 14, 11 í flokki tónlistar og 10 í flokki myndlistar. Fæst eru verkefni í flokki hönnunar eða 2 talsins og í flokki vísinda eða 3 verkefni.



Mynd 14 Styrkupphæðir eftir verkefnaflokkun styrktra verkefna

Samanlögð upphæð styrkja til verkefna er hæst í flokki samfélagsverkefna, eða um 34,6 milljónir króna og lægst í flokki hönnunar, um 2,7 milljónir. Hæsta meðalupphæð styrkja er til verkefna í flokki ritlistar og flokki stafrænna miðla þ.e. um 5 milljónir, en lægst er hún til verkefna í flokki tónlistar eða um 1,1 milljón og flokki hönnunar, um 1,3 milljónir.



Mynd 15 Fjöldi þátttakenda í styrktum verkefnum eftir verkefnaflokkum

Heildarfjöldi þátttakenda í styrktum verkefnum sem skilað hafa lokaskýrslu hefur verið 67.088 á tímabilinu 2018-2021. Verkefni í flokki myndlistar hafa náð til flestra þátttakenda og því næst verkefni í flokki stafrænna miðla.

Miðað við upplýsingar úr lokaskýrslum styrkþega er fjöldi þátttakenda í hverju verkefni á mjög breiðu bili eða allt frá sex einstaklingum til allt að tíu þúsund manns. Fæstir voru þátttakendur í verkefnunum Youth Fringe, 6 og Hinsegin götuleikhúsi, 7. Menningarfélagið Hneykslist hlaut 476.500 króna styrk úr Barnamenningsjóði fyrir verkefnið Youth Fringe árið 2019 sem var 90,3% af heildarkostnaði verkefnisins. Verkefnið var unnið í nokkrum áföngum, m.a. með heimsóknnum í yfir 30 skóla í þeim tilgangi að fræða þau um Fringe hátíðina, vinnustofur fyrir ungt fólk og að lokum aðstoð við unga listamenn við skipulagningu eigin sýningar. Sá fjöldi þátttakenda sem tekinn er fram í skýrslunni er því einungis fjöldi þeirra sem sýndi, en ekki þeirra sem fengu kynningu eða tóku þátt í vinnustofum. Í lokaskýrslu verkefnisins segir „aðalmarkmið okkar hafði verið að valdefla ungt listafólk til að skapa sínar eigin sýningar og öðlast sjálfstraust til að stýra þeim sjálf og fá vettvang til þess.“ Listamennirnir ungu fengu tækifæri til að halda sínar eigin sýningar og meðal þess sem einn flytjenda sagði var „Ég hef aldrei verið í sýningu án þess að kennari hafi verið að segja mér hvað ég ætti að gera! Þetta er frábært!“ Í verkefninu Hinsegin götuleikhús voru 7 þátttakendur og fjármagnaði styrkur Barnamenningsjóðs tæplega þrjá fjórðu hluta heildarkostnaðar þess eða 2,2 milljónir króna. Þetta verkefni var, eins og fyrra verkefnið, umfangsmikið fyrir þá þátttakendur sem tóku þátt og valdeflandi. Verkefnið bauð hinsegin ungmennum upp á sumarvinnu í þrjár vikur við undirbúning og sýningar á gjörningum í miðborg Reykjavíkur.

Flestir þátttakendur voru í verkefnunum Listveita – List fyrir alla sem fékk fjögurra milljóna króna styrk árið 2020, sem nam 47,4% af heildarkostnaði verkefnisins. Listveitan spratt upp úr COVID-19 faraldrinum þar sem ekki hafði verið hægt að senda listviðburði *Listar fyrir alla* út í grunnskóla landsins eins og

venja er. Þess í stað var útbúið kennsluefni og listkennsluhugmyndir sem er aðgengilegt á vefsvæði Listar fyrir alla. Líkt og segir í lokaskýrslu verkefnisins er erfitt að áætla þann fjölda barna sem Listveitan hefur náð til en upplýsingar um hana voru sendar öllum grunnskólum landsins og kynntar fyrir kennurum og þegar lokaskýrslu var skilað höfðu um 60 myndbönd verið birt á vefsvæði verkefnisins.


Af þessari samantekt er ljóst að styrkt verkefni eru mjög fjölbreytt að umfangi og fjölda þátttakenda. Þá er erfitt að draga ályktanir um árangur verkefnanna út frá fjölda þátttakenda þar sem styrkþegar kunna að hafa lagt ólíka merkingu í þátttöku í verkefninu.

2.4 Áherslur verkefna

Í umsóknarforminu eru tilgreindar fimm spurningar sem byggja á forgangsáherslum og markmiðum sjóðsins;

1. Jafnara aðgengi barna og ungmenna að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag;
2. Virkari þátttaka barna í menningarlífi;
3. Lýðræðisleg virkni barna í samfélaginu/tekur á annan hátt mið af inntaki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna;
4. Samstarf stofnana/skóla/félagasamtaka/listafólks
5. Nýjungar, nýsköpun eða þverfagleg nálgun


Spurningarnar voru ekki hluti af umsóknarforminu þegar úthlutað var í fyrsta sinn árið 2019, þannig að eftirfarandi tölur eiga við um þrjár úthlutanir úr sjóðnum, á árunum 2020-2022.



Mynd 16 Áhersluatriði tilgreind í umsóknum styrktra verkefna 2020-2022

Sjá má að það áhersluatriði sem oftast er merkt við í umsóknum og lokaskýrslum styrkþega er virk þátttaka barna í menningarlífi, þar sem um 70% veittra styrkja hafa farið til verkefna sem merkt hafa við það forgangsatriði, en þess ber að geta að umsækjendur geta valið fleiri en eitt atriði í umsóknum sínum.

Sjaldnast er tilgreind áherslan á lýðræðislega virkni barna í samfélaginu og Barnasáttmála SP, eða um í 41% umsókna og 43% lokaskýrslna.



Mynd 17 Mat styrkþega á hvort markmið verkefnis hafi náðst

Mynd 18 sýnir svör styrkþega um hvort markmið verkefnis sem hlaut styrk úr Barnamenningsjóði Íslands hafi náðst. Hér er um að ræða huglægt mat verkefnastjóra sem óskað er eftir í lokaskýrslum. Af 76 verkefnum sögðu 29 að markmið verkefnis hafi náðst, 48 að það hefði náðst að mestu og einn sagði að það hefði náðst að nokkru.

2.5 Markhópar verkefna


Meðal verkefna starfshóps forsætisráðherra var greining á ólíkum markhópum styrktra verkefna. Reglur sjóðsins kveða ekki sérstaklega á um hvaða markhópa styrkt verkefni eigi að ná til en matskvarði stjórnar sjóðsins gerir ráð fyrir mati á áherslu verkefna á innleiðingu Barnasáttmála Sp, lýðræðislega virkni og aðgengi. Þannig er lögð áhersla á að jafna aðgengi ólíkra samfélagshópa.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni um Barnamenningsjóð Íslands segir m.a. að gert sé „ráð fyrir því að m.a. verði lögð sérstök áhersla á verkefni sem hafa það að markmiði að efla samfélagslega þátttöku barna innflytjenda og flóttafólks og barna sem búa við bágan efnahag.“

Í umsóknarformi sjóðsins er ekki sérstaklega spurt út í þessa áherslu og því er erfitt að leggja mat á hana út frá umsóknargögnum. Hins vegar er spurt út í aldur þátttakenda og því er hægt að leggja mat á aldursdreifingu.


Líkt og lesa má af mynd 16 beinist eitt áhersluatriða sem umsækjendur er gert að merkja við í umsóknum að aðgengi ólíkra samfélagshópa. Um 56% umsækjenda taka fram að verkefnið styðji við þetta áhersluatriði, eða 188 verkefni, og 58% styrktra verkefna eða alls 66 verkefni.

2.6 Aldursdreifing þátttakenda í styrktum verkefnum



Mynd 18 Aldursdreifing þátttakenda samkvæmt upplýsingum í umsóknum og lokaskýrslum styrktra verkefna

Mynd 19 sýnir dreifingu á aldri þátttakenda í verkefnum samkvæmt upplýsingum í umsóknum annars vegar og lokaskýrslum styrktra verkefna hins vegar. Tekið skal fram að í umsókninni er hægt að merkja við fleiri en einn aldurshóp og hafa sum verkefni sem sótt er um fjármagn til að markmiði að ná til allra aldurshópa barna og ungmenna. Í flestum tilvikum er tilgreint í umsóknum að verkefni eigi að ná til barna á aldrinum 6-12 ára, eða í 76% allra umsókna og 80% styrkta verkefna. Í 67% umsókna og 72% lokaskýrslna styrktra verkefna er markmiðið að börn á aldrinum 13-15 ára taki þátt.



Mynd 19 Fjöldi þátttakenda í styrktum verkefnum eftir aldurshópum barna og ungmenna

Flestir þátttakendur í styrktum verkefnum eru börn í aldurshópnum 6-12 ára, alls um 31 þúsund einstaklingar, en það er einnig breiðasta aldursbilið sem tilgreint er í umsóknarforminu. Þar á eftir koma ungmenni á aldrinum 13-15 ára.

2.7 Meginniðurstöður samantektar um starfsemi Barnamenningsjóðs Íslands

Hæsta árangurshlutfallið og jafnframt flestar úthlutanirnar hafa verið til opinberra stofnana.

Þingsályktunin kveður á um að við styrkúthlutanir skuli sérstök áhersla lögð á eftirfarandi þætti:

- Verkefni sem efla sköpunarkraft barna og ungmenna og hæfni þeirra til þess að verða þátttakendur í þeirri þróun sem nú á sér stað í aðdraganda hinnar svonefndu fjórðu iðnbyltingar,
- Verkefni sem efla samfélagsvitund og stuðli að eflingu lýðræðislegrar þátttöku barna í samfélaginu og áframhaldandi innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,

- Verkefni sem hafa það að markmiði að efla samfélagslega þátttöku barna innflytjenda og flóttafólks og barna sem búa við bágan efnahag.

Í þingsályktuninni segir jafnframt að áhersla á verkefni sem styðji við skuldbindingar Íslands um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna feli í sér viðurkenningu á að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna og lögð er áhersla á að við úthlutun sé horft til verkefna sem efli lýðræðislega þátttöku barna- og ungmenna í íslensku samfélagi.

Meðal þess sem tekið er fram í reglum sjóðsins er að fremur skuli leitast við „að styrkja fá verkefni með hærri fjárhæðum hvert sem hafa veruleg áhrif á hvort af framkvæmd þess verði.“ Stór hluti veittra styrkja er hins vegar undir 2 milljónum eða um og yfir helmingur veittra styrkja hvert ár.

Hlutdeild landsbyggðanna var samkvæmt þessu minni í framkvæmdum verkefnum 2019-2022 heldur en ráðgert var í umsóknum. Við nánari skoðun kemur í ljós að í 13 af þeim 78 lokaskýrslum sem skilað hefur verið hafa þeir landshlutar sem verkefni áttu að fara fram í tekið breytingum. Þannig var hætt við að fara með verkefni í einhverja landshluta, farið með verkefni í landshluta sem ekki var ráðgert upphaflega, eða hvort tveggja.

Sem dæmi má nefna að fimm verkefni sem vinna átti á Austurlandi samkvæmt styrkumsóknum fóru ekki fram í þeim landshluta (en voru samt sem áður framkvæmd annars staðar).

Tekið skal fram að COVID-19 faraldurinn hafði umtalsverð áhrif á framkvæmd sumra verkefnanna og mögulegt er að hann hafi að einhverjum tilvikum ráðið hvar á landinu verkefnin fóru fram, þrátt fyrir að stjórnendur verkefnanna hafi ekki fjallað um það í lokaskýrslum. Einnig má nefna að styrkt verkefni fá ekki alltaf úthlutað þeirri heildarupphæð sem sótt er um. Í þeim tilfellum, sem matsnefnd leggur til að veittur verður styrkur sem nemur lægri upphæð en sótt er um, er m.a. horft til áhrifa þátta sem ekki eru styrkhæfir samkvæmt reglum sjóðsins t.a.m. útgáfa bóka, tónlistar, upptaka myndbands eða uppbygging aðstöðu. Af þessu leiðir að verkefnastjórar geta þurft að endurskoða upphaflegar áætlanir. Framangreint kann að einhverju leyti að skýra umræddar breytingar.

3. Menningarstefna, sjóðir og miðstöðvar listgreina og samþætting barnamenningar

3.1 Menningarstefna frá 2013

Alþingi samþykkti 6. mars 2103 þingsályktun nr. 16/141 um menningarstefnu Íslenska ríkisins. Um er að ræða fyrstu heildstæðu menningarstefnuna hér á landi og snýr hún að verkefnum menningar- og viðskiptaráðuneytis (áður mennta- og menningarmálaráðuneyti). Stefnan lýsir á breiðum grundvelli aðkomu ríkisins að málefnum lista og menningararfs og á að nýtast stjórnvöldum og Alþingi við frekari umræður, stefnumótun á afmörkuðum sviðum og ákvarðanatöku. Fjórir meginþættir eru lagðir stefnunni til grundvallar og er þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu einn þeirra.

3.2 Aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna 2014-2017

Í ágúst 2013 skipaði ráðherra menningarmála starfshóp um mótun tillögu að aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna á grundvelli menningarstefnunnar. Aðgerðaáætlunin var birt 1. október 2014. Hún náði til ársins 2017 og var meginhlutverk hennar að fylgja eftir markmiðum menningarstefnunnar um þátttöku barna og ungmenna í menningarlífinu. Meðal verkefna aðgerðaáætlunarinnar sem hrint var í framkvæmd og enn er starfrækt er barnamenningsverkefnið List fyrir alla, sem býður árlega grunnskólanemendum á upp á listviðburði. Í aðgerðaáætluninni var m.a. kveðið á um nauðsyn þess að gera gagnskör í að bæta sjóðumhverfi barnamenningar, annars vegar með varanlegum barnamenningsjóði og hins vegar þannig að allir opinberir sjóðir sem styðji við menningarstarf leggi reglulega sérstaka áherslu á barnamenningu í úthlutunum og hvetji þannig samfélag listafólks til nýsköpunar á þeim vettvangi.

3.3 Menningarsókn til 2030

Í september 2021 birti mennta- og menningarmálaráðuneytið Menningarsókn – aðgerðaáætlun í menningarmálum til ársins 2030. Áætlunin er byggð á menningarstefnu Íslenska ríkisins og kveður á um 18 aðgerðir sem styðja markmið hennar og að auki um ný markmið og áherslur. Til grundvallar liggja fimm meginmarkmið sem aðgerðirnar falla undir; aðgengi og þátttaka, traust staða í síbreytilegum heimi, menntun og menning, stjórnsýsla og sjóðakerfi og alþjóðlegt menningarsamstarf.

Undir markmiði um aðgengi og þátttöku sem ætlað er að endurspegla fjölbreytta samsetningu þjóðarinnar og þá alþjóðlegu menningu sem hér þrífst

segir m.a. að börn og ungmenni eigi að hafa forgang sem þátttakendur og neytendur í íslensku menningarlífi og að barnamennning verði stór hluti þess. Víða um land eigi að fara fram öflugt barnastarf á ýmsum sviðum menningar og listar. Jafnframt er kveðið á um að mikilvægi þess að miðla listum og menningu til allra barna á fyrstu stigum skólagöngu og veita þeim þannig tækifæri til að upplifa list og menningu. Meðal aðgerða undir þessu markmiði er að gera barnamennningarverkefnið List fyrir alla að varanlegu verkefni en þar segir að tryggð verði samfella í verkefninu til framtíðar svo að allir aldurshópar í leik- og grunnskólum fái tækifæri til að upplifa að minnsta kosti tvo listviðburði árlega fyrir tilstilli verkefnisins.

3.4 Barnamennningarverkefnið List fyrir alla

Meðal verkefna starfshóps forsætisráðherra var að skoða möguleg samlegðaráhrif Barnamenningsjóðs Íslands við barnamennningarverkefnið List fyrir alla.

List fyrir alla er barnamennningarverkefni á forræði menningar- og viðskiptaráðuneytis sem sett var á laggirnar árið 2016 til að fylgja eftir menningarstefnu stjórnvalda og aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna fyrir árin 2014–2017.

Megintilgangur verkefnisins er að velja og miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Einblínt er á menningu fyrir börn og menningu með börnum sem felur í sér að innan ramma verkefnisins er annars vegar lögð áhersla að búa til og skapa listverkefni sem börn njóta og hins vegar á samstarf barna og listamanna við mótun og sköpun listverkefna.

Stefnt er að því að á tíu ára grunnskólagöngu veiti verkefnið hverju barni góða yfirsýn yfir vettvang lista og að börn kynnist fjölbreytni lista, íslenskum menningararfí og list frá mismunandi menningarheimum. Starfandi listamenn, stofnanir og aðrir lögaðilar er sinna barnamenningu á einhvern hátt geta sótt um þátttöku í verkefninu. Val verkefna er í höndum valnefndar sem skipuð er fulltrúum frá Bandalagi Íslenskra listamanna, Kennarasambandi Íslands og verkefnastjóra verkefnisins. Við verkefnaval er lögð áhersla á faglega úrvinnslu og listræna framsetningu. Öllum grunnskólum landsins er boðin þátttaka í verkefninu.

Verkefnastjóri stýrir List fyrir alla á grundvelli samnings við ráðuneyti menningarmála og er hlutverk hans m.a. að annast daglegan rekstur og miðlun upplýsinga og hafa listræna umsjón með verkefnavali í samráði við valnefnd, að miðla verkefnum og samstarfi listafólks við grunnskóla, menningar- og listastofnanir um land allt, hafa umsjón með faglegri þróun verkefnis og stefnumótun og halda úti vefsíðu um verkefnið. Síðastliðin sex ár hefur verkefnið verið fjármagnað með framlagi ráðuneytis menningarmála um 20 m.kr.

árlega, auk þess sem verkefnið hefur fengið tæpar 5 m.kr. framlög úr byggðaaáætlun.

List fyrir alla hefur haldið úti starfsemi á alls fimm skólaárum. Fyrir tilstilli þess hefur 92 verkefnum verið miðlað skóla víða um land og hafa tæplega 350 listamenn tekið þátt í yfir níu hundrað viðburðum. Verkefnið heldur jafnframt úti heimasíðunni listfyriralla.is sem nýtist bæði skólum og listamönnum til að miðla efni og nýta til kennslu og verkefninu Listveitan. Verkefnið stendur fyrir stafrænu samstarfi listafólks, liststofnana og skóla þar sem miðlað er efni af vef viðkomandi stofnunar ásamt fræðsluefni sem er fylgt er eftir í skólum. Þá hefur List fyrir alla staðið fyrir útgáfu handbóka, annars vegar fyrir skóla og hins vegar fyrir listafólk þar sem gerð er grein fyrir verklagi og möguleikum á miðlun og samstarfi innan verkefnisins.

3.5 Umgjörð og stjórnýsla sjóða á sviði menningar og lista

Sjóðir á sviði menningarmála eru starfræktir á grundvelli mismunandi lagaheimilda þ.e. með heimild í sérlægum eða lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál sem kveða á um heimild ráðherra til að veita styrki og framlög til verkefna. Ráðherra setur sjóðum reglur á grundvelli almennrar yfirstjórnunarskyldu í samræmi við lög nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Lögin kveða m.a. á um almennar skyldur og heimildir ráðherra vegna yfirstjórnar og eftirlits með stjórnvöldum sem heyra undir málefna svið þeirra, þar á meðal sjóðum og stofnunum sem veita styrki úr opinberum sjóðum eða gera tillögur um veitingu þeirra. Að auki ber ráðherrum að hafa eftirlit með stjórnýslu og fjármálum sjóða sem hafa stöðu sjálfstæðra stjórnvalda.

Starfi sjóðir á grundvelli sérlega kveða þau á um skyldu eða heimild ráðherra til að setja og birta reglugerð um starfsemi sjóðsins eða eftir atvikum sjóðsstjórnar til að setja og birta reglur um sjóðinn. Sjálfstæði sjóðsstjórnar gagnvart ráðherra er jafnframt skilgreind í viðkomandi lögum en um almenna eftirlitsskyldu ráðherra og heimild hans til að gefa sjóðsstjórn fyrirmæli er kveðið á um í lögum um Stjórnarráð Íslands.

Sjóðir á sviði menningarmála og listgreina heyra undir yfirstjórn menningar- og viðskiptaráðherra. Fyrirkomulag við umsýslu sjóða er mismunandi og þjóna þeir ólíkum tilgangi.

Sjóðir á sviði menningarmála eru starfræktir á grundvelli mismunandi lagaheimilda þ.e. með heimild í sérlægum eða lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál sem kveða á um heimild ráðherra til að veita styrki og framlög til verkefna. Ráðherra setur sjóðum reglur á grundvelli almennrar yfirstjórnunarskyldu í samræmi við lög nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Lögin kveða m.a. á um almennar skyldur og heimildir ráðherra vegna yfirstjórnar og eftirlits með stjórnvöldum sem heyra undir málefna svið þeirra, þar á meðal sjóðum og stofnunum sem veita styrki úr opinberum sjóðum eða

gera tillögur um veitingu þeirra. Að auki ber ráðherrum að hafa eftirlit með stjórnarsýslu og fjármálum sjóða sem hafa stöðu sjálfstæðra stjórnvalda.

Starfi sjóðir á grundvelli sérлага kveða þau á um skyldu eða heimild ráðherra til að setja og birta reglugerð um starfsemi sjóðsins eða eftir atvikum sjóðsstjórnar til að setja og birta reglur um sjóðinn. Sjálfstæði sjóðsstjórnar gagnvart ráðherra er jafnframt skilgreind í viðkomandi lögum en um almenna eftirlitsskyldu ráðherra og heimild hans til að gefa sjóðsstjórn fyrirmæli er kveðið á um í lögum um Stjórnarráð Íslands.

Tónlist

Á sviði tónlistar eru starfræktir þrjú sjóðir og sinnir Rannís, Rannsóknamiðstöð Íslands umsýslu tveggja þ.e. tónlistarsjóðs og hljóðritunarsjóðs en ÚTÓN, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar er umsýsluaðili Útflutningssjóðs íslenskrar tónlistar. Tónlistarsjóður er starfræktur á grundvelli laga nr. 76/2004 um tónlistarsjóð en um úthlutun styrkja úr hljóðritunarsjóðs og Útflutningssjóðs fer fram samkvæmt reglum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Drög að fyrstu íslensku tónlistarstefnunni voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda og drög að frumvarpi til laga um tónlist haustið 2022. Um er að ræða frumvarp til heildarlaga sem mun jafnframt taka mið af stefnu um tónlist sem var unnin samhliða frumvarpinu. Meðal þeirra breytinga sem áformaðar eru er stofnun Tónlistarsjóðs sem verði skiptur í fjórar deildir sem allar hafi ólíkar áherslur. Jafnframt er gert er ráð fyrir stofnun Tónlistarmiðstöðvar sem hafi umsjón með Tónlistarsjóði sem komi í stað núverandi tónlistarsjóðs, hljóðritasjóðs og Útflutningssjóðs íslenskrar tónlistar. Fyrirhugað er að sameina þessa sjóði í einn sjóð sem vera á í umsýslu nýrrar tónlistarmiðstöðvar.

Myndlist

Myndlistarráð sér um úthlutun styrkja úr myndlistarsjóði en auk þess eru helstu verkefni ráðsins að vera ráðherra til ráðgjafar um málefni myndlistar og stuðla að alþjóðasamstarfi og kynningu á íslenskum myndlistarmönnum. Um myndlistarráð og myndlistarsjóð er kveðið á um í myndlistarlögum nr. 64/2012 og reglugerð nr. 552/2014 um myndlistarráð og myndlistarsjóð. Myndlistarráð úthlutar styrkjum úr myndlistarsjóði til verkefna og rannsókna að jafnaði einu sinni ár hvert.

Bókmenntir

Miðstöð íslenskra bókmennta sér um bókmenntasjóð, sem veitir margvíslega verkefnastyrki. Miðstöð íslenskra bókmennta og bókmenntasjóður starfa á grundvelli laga nr. 91/2007 um bókmenntir. Hlutverk sjóðsins er að styrkja útgáfu frumsaminnna íslenskra skáldverka, útgáfu vandaðra rita sem eru til þess fallin að efla íslenska menningu og útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslenskri tungu. Bókasafnasjóður veitir styrki til eflingar starfsemi bókasafna og fer Rannís með umsýslu hans. Árlega er úthlutað úr bókasafnssjóði höfunda

vegna afnota á bókasöfnum. Rithöfundasamband Íslands vistar sjóðinn og sér um útgreiðslur.

Endurgreiðsla á hluta kostnaðar vegna útgáfu bóka á íslensku sem eru aðgengilegar almenningi með opinberri sölu, láni eða leigu byggir á lögum um stuðning við útgáfu bóka á íslensku nr. 130/2018. Rannís sér um umsýslu endurgreiðslunnar. Tekjur miðstöðvar íslenskra bókmennta og bókmenntasjóðs eru árlegt framlag í fjárlögum sem ákvarðað er af Alþingi og annað sjálfsaflafé.

Kvikmyndir

Kvikmyndamiðstöð hefur umsýslu með tveimur stuðningsverkefnum til kvikmyndagerðar. Annars vegar Kvikmyndasjóð og hins vegar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar hér á landi. Kvikmyndasjóður veitir styrki til handritsgerðar, þróunar verkefna, framleiðslu íslenskra kvikmynda og kynninga á íslenskum kvikmyndum. Reglugerð um Kvikmyndasjóð nr. 229/2003 kveður á um starfsemi og úthlutun úr sjóðnum og var hún sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. kvikmyndalaga nr. 137/2001. Endurgreiðslukerfið er grundvallað á lögum nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar. Um framkvæmd og umsýslu kerfisins er nánar fjallað í reglugerð nr. 450/2017 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar. Kvikmyndamiðstöð var falin umsjón með endurgreiðslukerfinu en Íslandsstofa fer með kynningar um Ísland sem tókustað gagnvart erlendum aðilum.

Hönnun

Hönnunarsjóður veitir styrki til margvíslegra verkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs: þróunar og rannsókna, verkefna og markaðsstarfs auk ferðastyrkja. Hönnunarsjóður er í umsýslu miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs. Tekjustofn hönnunarsjóðs er framlag sem Alþingi ákveður á fjárlögum ár hvert. Miðstöð hönnunar og arkitektúrs hf. fer með umsýslu sjóðsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt reglum um hönnunarsjóð frá 13. febrúar 2013 og á samkvæmt þeim að úthluta styrkjum að minnsta kosti einu sinni á ári.

Safnasjóður

Safnasjóður fer með það hlutverk að efla starfsemi safna sem falla undir safnalög nr. 141/2011. Í þeim tilgangi getur sjóðurinn styrkt rekstur og skilgreind verkefni viðurkenndra safna og samstarfsverkefni slíkra safna innbyrðis. Safnaráð hefur umsýslu með safnasjóði. Tekjur safnasjóðs eru framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Sviðslistasjóður

Sviðslistasjóður starfar samkvæmt lögum um sviðslistir nr. 165/2019. Hann veitir styrki til einstakra verkefna atvinnusviðslistahópa með það að markmiði að efla sviðslistir og búa þeim hagstæð skilyrði. Í lögnum er hlutverk sviðslistaráðs skilgreint og jafnframt kveðið á um stofnun kynningarmiðstöðvar sviðslista. Sviðslistamiðstöð Íslands tók til starfa 1. febrúar 2022 í samstarfi allra helstu

hagaðila innan sviðslista á Íslandi. Miðstöðin er fjármögnuð með samningi við menningar- og viðskiptaráðuneyti. Rannís sér um umsýslu sviðslistasjóðs.

3.6 Miðstöðvar listgreina

Miðstöðvar listgreina gegna mikilvægu hlutverki hver á sínu sviði. Þær hafa þróast hver á sinn hátt, eiga mismilanga sögu, ólíka tilurð og eru rekstrarformin ólík.

Nokkrir sjóðir eru í umsjón miðstöðva mismunandi listgreina en aðrir starfa samkvæmt samningum við ráðuneyti menningarmála. Undanfarin ár hefur verið kannað hvaða leiðir væru færar til að efla samstarf kynningarmiðstöðva listgreina og annars þess sem undir málaflokkinn heyrir s.s. umsýsla sjóða og menningarkynningar erlendis. Árið 2018 var ríkisstjórn kynnt skýrslan „Kynningarmiðstöðvar listgreina, sameining eða aukið samstarf“, og í framhaldinu var stóð ráðherra fyrir samráði við hagsmunaaðila og skipaði starfshóp sem fékk m.a. það hlutverk að útfæra til hlítar stofnun í stjórnsýslunni sem gerð var tillaga um í áðurnefndri skýrslu.

Starfshópurinn greindi landslag og fjármuni innan hvernar listgreinar fyrir sig og skilaði niðurstöðum um hvernig best væri að efla stjórnsýslu menningarmála með það að markmiði að ná fram markvissum samlegðaráhrifum og einföldun á stuðningskerfi menningar og lista. Starfshópurinn lagði til að stofnuð yrði Miðstöð lista sameina átti allar miðstöðvar listgreina. Að auki lagði hópurinn til einföldun á stuðningskerfi menningar og lista með því að sameina alla sjóði í einn deildaskiptan og öflugan sjóð, Menningarsjóð Íslands. Í tillögu starfshópsins var barnamening ein þeirra þverfaglegu áherslna sem Miðstöð menningar var ætlað að starfa samkvæmt.² Frá þeim tíma sem liðinn er hefur ekki verið ráðist í að sameina miðstöðvar listgreina en hins vegar hefur verið unnið að því að einfalda stuðningskerfi menningar og lista með stefnumörkun þess efnis þvert á stjórnsýslu og atvinnulíf á Íslandi.

3.7 Barnamennningarverkefni og –sjóðir í Danmörku, Noregi og Svíþjóð

Danmörk

Í Danmörku starfar menningarmálastofnun í umboði menningarmálaráðuneytisins, Slots- og kulturstyrelsen. Stofnunin hefur yfirumsjón með fjölda stofnana sem starfa á sviði menningar á landsvísu þ.m.t. söfn, bókasöfn, lýðháskólar, tónlistarmiðstöðvar og sviðslistamiðstöðvar. Hlutverk hennar er að vera stefnumarkandi á sviði menningarlífs og

² [MIÐSTÖÐ MENNINGARMÁLA \(stjornarradid.is\)](https://stjornarradid.is)

menningararfs, sinna eftirfylgni með stefnumótun á sviði mismunandi listgreina og fara með umsýslu hinna ýmsu menningarsjóða. Eitt verkefna menningarmálastofnunarinnar er umsjón með menningarstarfsemi í þágu barna og ungmenna. Statens Kunstfond eða menningarsjóður danska ríkisins starfar í umboði menningarmálastofnunarinnar og hefur yfirstjórn með sextíu sjóðum sem styrkja verkefni og rannsóknir á sviði menningarmála þ.m.t. sjóða sem leggja áherslu á styrki til barnamenningar þ.e. verkefni fyrir börn og verkefni með börnum á sviði mismunandi listgreina. Innan sjóðsins starfa 12 fagsjóðir fyrir listgreinarnar og er þeim öllum skylt að horfa til listsköpunar fyrir börn og ungmenni og með börnum og ungmennum við úthlutun styrkja.

Sjóðurinn úthlutar árlega um 500 milljónum danskra króna til um 6000 menningartengdra verkefna og rannsókna.

Noregur

Í Noregi starfar menningarráð Noregs, [Kulturrådet](#). Kulturrådet ber ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni menningarstefnu Noregs og er ráðgefandi fyrir ríkisstjórnina og opinbera geirann um málefni sem varða menningu. Það er að fullu fjármagnað af menningarráðuneyti Noregs. Ráðið er skipað tíu meðlimum sem eru skipuð af ríkisstjórninni. Undir ráðinu starfa 26 sérfræðinganefndir/fagråd með 122 meðlimum.

Ráðið var stofnað árið 1965 til að hafa umsýslu með Norska menningarsjóðnum (Norwegian Cultural Fund). Sjóðurinn hafði sem dæmi 100 milljónir evra til úthlutunar árið 2020, sem jafngildir um 14 milljörðum íslenskra króna. Undir sjóðinn heyra sjö fagsjóðir sem úthluta styrkjum til verkefna og rannsókna á sviði mismunandi listgreina.

Vinna menningarráðsins er varðar börn og ungmenni miðar að því að öll börn og ungmenni í Noregi fái aðgang að faglegri, hágæða list og menningu. Barnamenning er samþætt við starfsemi hinna ólíku fagråða og fagsjóða menningarráðsins. Sjóðurinn vinnur samkvæmt aðgerðaáætlun til fjögurra ára og eru börn og ungmenni meðal aðaláherslna núgildandi áætlunar.

Árið 2019 fóru 16% af fjármagni norska menningarsjóðsins í verkefni fyrir börn og unglunga eða um 160 milljónir norskra króna.³ Lögbundið er að veita að minnsta kosti 135 milljónum norskra króna árlega til menningarverkefna sem skilgreind eru sem barnamenning.

Svíþjóð

Í Svíþjóð er starfrækt menningarráð líkt og í Danmörku og Noregi og hóf það starfsemi árið 1974. Til grundvallar starfsemi stofnunarinnar er sænska

³ [Strategisk satsing gir flere barne- og ungdomsprojekter - Barn og unge - kulturradet.no](#)

menningarstefnan sem samþykkt var af sænska þjóðþinginu árið 2009. Meðal megináherslna hennar er að börn og ungmenni njóti jafnréttis er varðar aðgang að listum og menningu. Árlega úthlutar stofnunin 2,5 milljörðum sænskra króna til menningarverkefna en stærstur hluti fjárveitingarinnar rennur til sveitarfélaga. Alls eru á vegum menningarstofnunarinnar starfræktir 50 sjóðir sem dreifast á hinu ýmsu listgreinar.

3.8 Samantekt – menningarstefna, sjóðir og miðstöðvar listgreina og samþætting barnamenningsar

Alþingi samþykkti á 141. löggjafarþingi árið 2013 þingsályktun um sérstaka stefnu íslenska ríkisins á sviði lista og menningararfs. Í stefnunni eru fjórir meginþættir lagðir til grundvallar markmiðum hennar þ.m.t. þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu. Í kjölfarið hefur verið unnið að ýmsum verkefnum líkt og barnamenningsverkefninu List fyrir alla og var Barnamenningsjóður Íslands endurvakin með ályktun Alþingis á árinu 2018. Á árinu 2014 birti mennta- og menningarmálaráðuneytið aðgerðaáætlun um menningu barna- og ungmenna sem náði til ársins 2017 og byggði á menningarstefnunni frá 2013. Meðal verkefna hennar sem hrint var í framkvæmd var barnamenningsverkefnið List fyrir alla sem árlega býður grunnskólanemendum upp á listviðburði. Í áætluninni var jafnframt kveðið á um nauðsyn þess að gera gagnskör í að bæta sjóðaumhverfi barnamenningsar, annars vegar með varanlegum barnamenningsjóði og hins vegar þannig að opinberir menningarsjóðir leggi reglulega sérstaka áherslu á barnamenningu í úthlutunum og hvetji þannig samfélag listafólks til nýsköpunar á þeim vettvangi.

Frá gildistíma áætlunarinnar hefur ekki verið mótuð ný áætlun sem fylgir eftir markmiðum menningarstefnu um eflingu barnamenningsar. Fjölmargir starfshópar hafa þó kallað eftir henni, einkum til að festa megri í sessi mikilvæg verkefni sem hafa að markmiði að börn og ungmenni séu ávallt virkir þátttakendur í íslensku menningar- og listalífi.

Í september 2021 birti mennta- og menningarmálaráðuneytið Menningarsókn – aðgerðaáætlun til ársins 2030. Áætlunin er byggð á menningarstefnu frá árinu 2013 og kveður á um 18 aðgerðir sem styðja markmið hennar en fjallar að auki um ný markið og nýjar áherslur. Til grundvallar liggja fimm meginmarkmið sem aðgerðirnar falla undir; aðgengi og þátttaka, traust í síbreytilegum heimi, menntun og menning, stjórnsýsla og sjóðakerfi og alþjóðlegt menningarstarf. Undir markmiði um aðgengi og þátttöku sem ætlað er að endurspegla fjölbreytta samsetningu þjóðarinnar og þá alþjóðlegu menningu sem hér þrífst segir m.a. að börn og ungmenni eigi að hafa forgang sem þátttakendur og neytendur í íslensku menningarlífi og að barnamenningsar verði stór hluti þess. Víða um land eigi að fara fram öflugt starf fyrir börn og ungmenni á ýmsum sviðum menningar og listar. Jafnframt er kveðið á um að mikilvægi þess að miðla listum og menningu á fyrstu stigum skólagöngu og veita börnum þannig

tækifæri til að upplifa list og menningu. Meðal aðgerða undir þessu markmiði er að barnamenningsverkefnið List fyrir alla verði gert að varanlegu verkefni þannig að nemendur í grunnskólum fái tækifæri til að upplifa að minnsta kosti tvo listviðburði árlega fyrir tilstilli þess.

Barnamenningsjóður Íslands var stofnaður í samræmi við ályktun Alþingis nr. 32/148 á hátíðarfundum á Þingvöllum sem haldinn var 18. júlí 2018 í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Ályktunin var lögð fyrir Alþingi af formönnum þeirra stjórnmalaflokka sem þá áttu sæti á Alþingi. Sjóðnum voru tryggð framlög á fjárlögum til fimm ára, 2019–2023, 100 milljónir króna á ári. Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá nóvember 2021 segir að sérstök áhersla verði lögð á að börn og ungmenni nýti tungumálið í leik og námi með auknu framboði af nýju námsefni á íslensku og með því að hlúa að barnamenningu. Í kafla um menningarmál er kveðið á um það markmið ríkisstjórnarinnar að hrinda Menningarsókn – aðgerðaáætlun til 2030 í framkvæmd og að Barnamenningsjóður Íslands verði festur í sessi.

Hér á landi er víðtækt stuðningskerfi fyrir listafólk og menningartengda starfsemi, sem fjallað var um ítarlega hér að ofan. Sjóðir á sviði menningarmála og listgreina heyra undir yfirstjórn menningar- og viðskiptaráðherra. Fyrirkomulag við umsýslu sjóða er mismunandi og þjóna þeir ólíkum tilgangi. Miðstöðvar listgreina gegna mikilvægu hlutverki hver á sínu sviði. Þær hafa þróast hver á sinn hátt, eiga mismilanga sögu, ólíka tilurð og eru rekstrarformin ólík.

Nokkrir sjóðir eru í umsjón miðstöðva mismunandi listgreina en aðrir starfa samkvæmt samningum við ráðuneyti menningarmála. Undanfarin ár hefur verið kannað hvaða leiðir væru færar til að efla samstarf miðstöðva listgreina og annars þess sem undir málaflokkinn heyrir s.s. umsýsla sjóða og menningarkynningar erlendis. Árið 2018 var ríkisstjórn kynnt skýrslan „Kynningarmiðstöðvar listgreina, sameining eða aukið samstarf“, og í framhaldinu var stóð ráðherra fyrir samráði við hagsmunaaðila og skipaði starfshóp sem fékk m.a. það hlutverk að útfæra til hlítar stofnun í stjórnsýslunni sem gerð var tillaga um í áðurnefndri skýrslu.

Starfshópurinn greindi landslag og fjármuni innan hvers listgreinar fyrir sig og skilaði niðurstöðum um hvernig best væri að efla stjórnsýslu menningarmála með það að markmiði að ná fram markvissum samlegðaráhrifum og einföldun á stuðningskerfi menningar og lista. Starfshópurinn lagði til að stofnuð yrði Miðstöð lista sameina átti allar miðstöðvar listgreina. Að auki lagði hópurinn til einföldun á stuðningskerfi menningar og lista með því að sameina alla sjóði í einn deildaskiptan og öflugan sjóð, Menningarsjóð Íslands. Í tillögu starfshópsins var barnamennning ein þeirra þverfaglegu áherslna sem Miðstöð menningar var ætlað að starfa samkvæmt. Frá þeim tíma sem liðinn er hefur ekki verið ráðist í að sameina miðstöðvar listgreina en hins vegar hefur verið

unnið að því að einfalda stuðningskerfi menningar og lista með stefnumörkun þess efnis þvert á stjórnýslu og atvinnulíf á Íslandi.

Umgjörð menningartengdrar stjórnýslu og verkefna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er með þeim hætti að sérstök stjórnýslustofnun fer í umboði ráðherra með yfirumsjón stofnana og sjóða sem starfa á sviði menningar og lista.

Barnamenning er samkvæmt ákveðnu regluverki samþætt starfsemi hinna ólíku stofnana og fagsjóða.

4. Tillaga starfshóps um mótun fram tíðarstefnu fyrir Barnamenningsjóð Íslands og List fyrir alla

Starfsemi á sviði menningar og starfsumhverfi listafólks hefur samfara samfélagslegum breytingum þróast mikið á undanförunum árum og leitt til þess að rétt er að huga að úrbótum á ýmsum sviðum. Hafa verður í huga þá menningarlegu fjölbreytni sem býr í íslensku samfélagi og mikilvægi þess að menningarlífið endurspegli hana. Í því samhengi er mikilvægt að efla menningarläsi í samfélaginu og tryggja öllum börnum og ungmennum aðgengi að menningarupplifunum og listfræðslu og þátttöku í listsköpun við hæfi. Fjölbreytni í menningarlífi stuðlar að jöfnuði og aukinni velsæld í samfélaginu.

Starfshópur forsætisráðherra gerir tillögu um að komið verð á samráðsvettvangi helstu aðila sem vinni að tillögum um fram tíðarstefnumótun og framkvæmd á menningarstarfi fyrir börn og ungmenni sem hafi að markmiði að auðga bæði skólastarf og menningarlíf hér á landi. Í tillögum samráðsvettvangsins verði m.a. lögð áhersla samþættingu barnamennningar við starfsemi opinberra menningarstofnana og miðstöðva listagreina annars vegar og við skólastarf hins vegar.

Í samræmi við Menningarsókn 2030 – aðgerðaáætlun og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar leggur starfshópurinn jafnframt til að komið verði á fót Miðstöð barnamennningar sem falin verði yfirstjórn með barnamennningarverkefninu List fyrir alla og starfsemi Barnamenningsjóðs Íslands.

Tillaga þessi er útfærð nánar í drögum að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um eflingu barnamennningar fyrir árin 2024–2028.

Hún byggir á þeirri framtíðarsýn að menningarläsi, menningarþátttaka og miðlun menningararfs verði veigamikil atriði í uppveiti og skólastarfi barna og ungmenna og að starfsemi á þessu sviði endurspegli fjölbreytta samsetningu þjóðarinnar og þá alþjóðlegu menningu sem býr í íslensku samfélagi. Meginmarkmið aðgerðaáætlunarinnar verði í fyrsta lagi að auka samhæfingu og efla stefnumótun á sviði barnamennningar, í öðru lagi að auka framboð lista, menningar- og listfræðslu fyrir börn og ungmenni í skólastarfi og í þriðja lagi að festa í sessi starfsemi barnamennningarverkefnisins List fyrir alla og Barnamenningsjóðs Íslands.

Fylgiskjal 1 – yfirlit yfir styrkveitingar

Styrkveitingar 2019

Söguheimurinn NORD – Upplifun, sköpun, þátttaka og samvera

- **Styrkþegi:** Borgarabókasafnið.
- **Fjárhæð:** 18.585.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Í heimi NORD gefst ungmennum tækifæri til upplifa, skapa, fikta, lesa og miðla. Þar bjóðast ýmsir miðlunarmöguleikar í leik og kennslu og fólk sem starfar með börnum og ungmennum getur nýtt aðstöðuna með ýmsum hætti, tengt þvert á ólíkar greinar; listir, vísindi, sögu og bókmenntir. Með innblæstri úr söguheimi NORD virkjum við ungmenni til sköpunar og samveru og stuðlum þannig að mögulegum margfeldisáhrifum; betri líðan, sterkari sjálfsmynd og stolti yfir að tilheyra fjölbreyttu samfélagi.

Handritin til barnanna

- **Styrkþegi:** Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- **Fjárhæð:** 9.350.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Handritin til barnanna er verkefni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem snýst um að færa handritin til nýrrar kynslóðar. Verkefnið byggir á virkri þátttöku barnanna sjálfra, fjölbreyttri dagskrá um allt land, kröftugri fræðslu og útgáfu. Árið 2021 verða 50 ár liðin frá því að dönsk stjórnvöld skiluðu íslensku þjóðinni Flateyjarbók og Konungsbók eddukvæða og á árinu gefst því fágætt tækifæri til að draga athyglina að þeim einstaka og lifandi arfi sem býr í handritunum.

Menntun barna í söfnum

- **Styrkþegi:** Listasafn Íslands.
- **Fjárhæð:** 5.300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Sótt er um styrk til að efla þátttöku barna í menningarstarfi höfuðsafnanna. Stofnanirnar þróa vettvang menntunar barna með því að byggja upp nýstárlega aðstöðu og heildræna hugsun til að opna aðgengi og efla menningarlæsi. Þjóðminjasafnið og Listasafn Íslands munu saman stofna miðstöð til endurmenntunar á sviði barnamenningsar, með það að markmiði að veita þekkingu og reynslu til safna og menningarstofnana um allt land.

Unglingurinn á Íslandi

- **Styrkþegi:** Unglingurinn í Reykjavík.
- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Unglingurinn á Íslandi er vettvangur sem mun fram fjórum sinnum árið 2019. Honum mun listrænt stjórnað af ungmennum í Reykjavík. Verkefnið fer fram á Snæfellsnes, Seyðisfirði og í ágúst og í Reykjavík. Fram fara vinnustofur, málþing og sýningar, öllu listrænt stýrt af ungmennum. Markmið verkefnisins er að virkja þátttöku ungmenna á Íslandi á sviði dans - og sviðslista, ekki í gegnum augu og reynslu fullorðinna, heldur með augum ungmennanna sjálfra og gefa þeim rými innan þessa samhengis.

Viðeyjarundrin

- **Styrkþegi:** Reykjavíkurborg.
- **Fjárhæð:** 4.800.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Viðeyjarundrin eru námskeið og listasmiðjur í Viðey fyrir börn á ýmsum aldri. Viðey er ævintýrlegur staður þar sem hægt er að njóta náttúru, sögu og friðar. Börn fá að upplifa þessi undur með listrænum leiðum í fjölbreyttri dagskrá sem er sniðin að þörfum ólíkra hópa. Gamla skólahúsið fær hlutverk við að hýsa hópa nemenda á leik- og grunnskólaaldri sem og börn á sumarnámskeiðum. Námskeiðin sem eru samstarfsverkefni Borgasögusafns og Listasafns Reykjavíkur verða í boði árlega frá maí til sept.

Vísindasmiðjan í Hörpu

- **Styrkþegi:** Guðrún Jónsdóttir Bachmann.
- **Fjárhæð:** 3.756.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Vísindasmiðja Háskóla Íslands býður upp á innsetningar og vinnusmiðjur í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi í tilefni af nýrri barnamenningsdagskrá, þar sem áherslan verður á að tengja saman vísindi og listir með margvíslegum hætti. Með tilraunum, tækjum, tólum, leikjum og þrautum bjóðast börnum á öllum aldri að gera óvæntar uppgötvanir og kynnast nýjum leyndardómum vísinda og lista, ljóss og hljóðs, sjónar og heyrnar.

SPOR - sýningarferðalag innanlands

- **Styrkþegi:** Barnamenningsfélagið Skýjaborg.
- **Fjárhæð:** 3.567.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Sýningarferðalag með verkið SPOR eftir sviðslistahópin BÍBÍ & Blaka. SPOR er gagnvirk danssýning með lifandi flutningi dansara og blandar þannig saman dansi og myndlist. Verkið fjallar um orku: orku í hafinu, jörðinni, í geimnum og orkan í okkur sjálfum. Verkið er hugsað fyrir börn á aldrinum 5 - 8 ára. BÍBÍ & Blaka sækir heim fjóra

staði umhverfis Ísland og sýnir bæði skóla- og almennar sýningar á verkinu SPOR.

Dans fyrir alla - Dansprógramm fyrir grunnskóla

- **Styrkþegi:** Klassíski listdanskólinn ehf.
- **Fjárhæð:** 3.550.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Dansgarðurinn í samstarfi við Íslenska Dansflokkinn vill bjóða upp á dansfræðslu prógramm fyrir 6. bekk á höfuðborgarsvæðinu. Boðið verður upp á ókeypis dansfræðslu og danskennslu auk þess sem nemendurnir fá að sækja sýningar flokksins.

Leikfélag unga fólksins

- **Styrkþegi:** Þuríður Helga Kristjánsdóttir.
- **Fjárhæð:** 3.200.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Nýtt sviðsverk sem byggt er á frásögnum íslenskra unglunga. Verkið er unnið upp úr viðtölum við íslensk ungmenni og fjallar um kynvitund, einelti, kvíða, líkamsímynd, samfélagsmiðla, fíkn, kynhneigð og allar þær margslungnu hindranir og áskoranir sem móta sjálfsmynd unglingsáranna. Verkið er fyrsta frumsýning Leikfélags unga fólksins sem er nýtt atvinnuleikhús unglunga á Akureyri, einungis skipað um ungum leikurum sem fá þar tækifæri til að vinna í faglegu umhverfi og segja sögur úr sínum veruleika.

BRAS - Menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi 2019 Tjáning án tungumáls

- **Styrkþegi:** Austurbrú.
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** BRAS - Menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi verður haldin í annað sinn í september 2019 um allt Austurland. Tjáning án tungumáls er þemaverkefni BRAS 2019. Þar munu aðferðir myndlistar, tónlistar, dans og sirkus marka leið til tjáningar, samveru og fjölbreyttar skapandi vinnu. Markmið verkefnisins er að búa til vettvang þar sem öll börn á Austurlandi geta unnið saman á jafningjagrundvelli óháð móðurmáli, tungumálakunnáttu og búsetu. Unnið verður þvert á þjóðerni, byggðakjarna og aldur.

BIG BANG tónlistarhátíð í Reykjavík

- **Styrkþegi:** Reykjavíkurborg.
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** BIG BANG er tónlistarhátíð fyrir unga áhorfendur þar sem börnum er boðið uppá fjölbreytta efnisskrá sem samanstendur af tónleikum, innsetningum og smiðjum. Tónlistarfólk leitar bestu leiða til að kynna tónlist fyrir börnum auk þess að deila sviðinu með börnunum.

BIG BANG fer fram víðsvegar um Evrópu er stór menningarhús umbreyttast í tónlistarhús í þágu barna. Hátíðin í Reykjavík er unnin í samstarfi við Barnamennningarhátíð í Reykjavík, Hörpu, List fyrir alla, Tónlistarborgina Reykjavík og LHÍ.

Hver vill hugga krílið?

- **Styrkþegi:** Edda Erlendsdóttir.
- **Fjárhæð:** 2.690.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Tónverkið "Hver vill hugga krílið?" fyrir barna- eða ungmennakór, 4 hljóðfæraleikara og sögumann eftir Olivier Manoury við sögu Tove Jansson í þýðingu Þórarins Eldjárn verður flutt á Ísafirði, Akureyri og Selfossi í samstarfi við barna- og ungmennakóra á þessum stöðum í mars-apríl 2020. Síðan verður verkið flutt á BIG BANG festival í Hörpu á sumardaginn fyrsta 23.4.2020. Þar munu fyrrnefndir kórar sameinast 4 kórum af höfuðborgarsvæðinu sem tóku þátt í frumflutningi verksins á Íslandi 17.2.2019.

Sjúkrahústrúðar, Trúðavaktin

- **Styrkþegi:** Trúðavaktin, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 2.620.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Trúðavaktin, íslensku sjúkrahústrúðarnir, eru fyrstir sinnar tegundar á Íslandi. Vaktina skipa níu fagmenntaðir leikarar sem hver og einn hefur skapað sinn einstaka sjúkrahústrúð. Trúðavaktin býður ókeypis þjónustu fyrir Barnaspítala Hringins og hóf starfsemi sína þann 1. mars 2018. Trúðarnir heimsækja öll börn frá 0-18 ára á spítalanum, alla fimmtudaga, allt árið um kring, tveir trúðar í senn. Hlutverk Trúðavaktarinnar er að skapa stuttar gleðistundir í erfiðum aðstæðum.

Listasmiðja: Sögur af sjó

- **Styrkþegi:** Ásthildur Björg Jónsdóttir.
- **Fjárhæð:** 2.572.200 kr.
- **Stutt lýsing:** Við lifum á tímum þar sem ógnir af hlýnun jarðar hafa gríðarleg áhrif á hafið. Í listasmiðjum leita þátttakendur eftir að uppgötva eitthvað nýtt um sjálfa sig, hver reynsla þeirra er af hafinu og hvernig samband þeir vilja eiga við það. Nærumhverfið er notað til að hvetja þátttakendur til að tengjast innri gleði, fegurð og jafnvel vonbrigðum ef umhverfið kallar á þá upplifun. Leitað verður eftir að þátttakendur tengi við fyrri reynslu og sögur sem tengjast nánd þeirra við hafið og náttúru þess.

FLY – ÍSLAND

- **Styrkþegi:** Ari Hlynur Guðmundsson Yates.
- **Fjárhæð:** 2.450.000 kr.

- **Stutt lýsing:** Verkefnið snýst um að bæta Íslandi við alþjóðlegt samstarf undir leiðsögn stofnunar í Danmörku sem heitir Animated Learning Lab (ALL). Samstarfið, undir heitinu F.L.Y. (Film Literacy Years), snýr að því að auka samstarf milli skóla og sérfræðinga á sviði myndskreytinga, kvikmyndagerðar, hreyfimyndagerðar o.fl. Við höldum vinnustofur fyrir börn og kennara. Tilgangurinn er að gefa börnum tækifæri til að læra fögin sín á frumlegan og skapandi máta og að tjá sig á nýjan og listrænni hátt.

Náttúrubarnaskólinn á Ströndum - tilraunir, hugmyndavinna og þróun

- **Styrkþegi:** Sauðfjársetur á Ströndum.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Náttúrubarnaskólinn er viðamikil nýsköpunarverkefni sem Sauðfjársetur á Ströndum stendur fyrir. Skólinn stendur fyrir skemmtilegum námskeiðum og viðburðum á Sauðfjársetrinu fyrir börn á öllum aldri. Þar læra þau um náttúruna úti í náttúrunni sjálfri, m.a. hvernig hægt sé að vernda hana og nýta með skapandi og skemmtilegum hætti. Á árinu 2019 á að efla verkefnið verulega og bjóða upp á þetta dagskrá sem leggur áherslu á að flétta saman skemmtun og fróðleik fyrir börn, útivist og náttúrufróðleik.

KJARVAL Á KERRU

- **Styrkþegi:** Listasafn Alþýðusambands Íslands.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** KJARVAL Á KERRU er miðlunarverkefni þar sem farið er með eitt af elstu verkunum í safneign Listasafns ASÍ í skóla og nemendur vinna verkefni sem eru innblásin af verkinu undir leiðsögn kennara í ýmsum listgreinum sem leiða ferlið. Nemendur stúdera verkið, læra um höfund verksins og tilurð þess. Þeir túlka síðan verkið með sínum aðferðum, s.s. hreyfimyndagerð, tónlist, dansi eða innsetningu. Búnar eru til heimildarmyndir um hvert verkefni fyrir sig til birtingar á heimasíðu safnsins.

Fjölbjóðleg barnamening

- **Styrkþegi:** Menningarhúsin í Kópavogi.
- **Fjárhæð:** 1.800.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Fjölskyldustundir Menningarhúsanna í Kópavogi fara fram á hverjum laugardegi í einu húsanna og eru viðburðirnir ávallt ókeypis. Fjöldi barna og fjölskyldna þeirra sækja viðburðina en ljóst er að börn af erlendum uppruna sækja ekki viðburði nema þegar sérstakt átak er gert til að ná til þeirra. Það er von okkar að hægt verði að ná til þessa stóra hóps í því skyni að öll börn á höfuðborgarsvæðinu geti notið menningar og lista, tekið þátt í fjölbreyttri dagskrá sem stýrt er af fagfólki á sínu sviði.

Akranes með okkar augum

- **Styrkþegi:** Docfest ehf.
- **Fjárhæð:** 1.672.250 kr.
- **Stutt lýsing:** Heimildaratleikur um Akranes, þar sem börn fá verkefni á hverri stöð og búa þannig til litla heimildamynd. Meðfram þessu verður þeim kennt gildin um hvað má og hvað má ekki með myndbirtingum, hvað myndbirtingar geta gert og áhrifin á því að það sem þú birtir á netinu verður aldrei tekið aftur.

HOMINAL Dansverk um tilgang mannsins fyrir börn

- **Styrkþegi:** Aude Maina Anne Busson.
- **Fjárhæð:** 1.600.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Hominal er vinnutitill fyrir dansverk fyrir börn sem er unnið á Íslandi og í Frakklandi. Í því er spurningum velt upp um hlutverk mannsins: Af hverju er maður? Hvað eru hans einkenni? Af hverju er hann í þessum heimi? Í verkinu svara frönsk og íslensk börn þessum spurningum en hljóðmynd verksins er unnin upp úr samtölum þeirra. Dansverkinu túlkar það hvernig manninum finnur nýtt pláss, hlutverk í nútímanum og framtíðina í meira jafnvægi við aðra lifandi ríkja.

Hönnunarskóli Hönnunarsafns Íslands

- **Styrkþegi:** Hönnunarsafn Íslands.
- **Fjárhæð:** 1.540.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Design Museum Danmark hefur í nokkur ár boðið upp á námskeið fyrir grunnskóla- og framhaldsskólanemendur sem þau kalla Design after School. Í samtali við safnið í Danmörku mun Hönnunarsafni Íslands að bjóða upp á svipað námskeið fyrir grunnskólanemendur á aldrinum 13 - 15 ára. Um er að ræða 10 vikna námskeið þar sem nemendur er gefið tækifæri á að kynnast arkitektúr, grafískri hönnun, fatahönnun og vöruhönnun í gegnum fyrirlestra, samtöl og verklega vinnu. Megináhersla er lögð á verklega þáttinn

Summer Youth Theater Hunathing vestra

- **Styrkþegi:** Handbendí Brúðuleikhús ehf.
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** A summer theatre arts programme for children and young people aged 6 -18 who reside in Húnathing vestra and the surrounding regions. Participants will engage in all aspects of creating and

performing a production of their own whilst learning the varied skills and roles in theatre in this introductory summer course, under the tutelage of professional directors and performers in Iceland. The programme will be facilitated by Handbendi Bruðuleikhús.

Krakkaveldi – Vinnusmiðja

- **Styrkþegi:** Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir.
- **Fjárhæð:** 1.456.6400 kr.
- **Stutt lýsing:** Hvað ef krakkar fengju völdin? Vinnusmiðjan Krakkaveldi valdeflir börn á aldrinum 8-15 ára og leyfir röddum þeirra að heyrast í íslensku samfélagi. Í vinnusmiðjunni verða börnin kynnt fyrir aðferðum leiklistar til þess að hafa raunveruleg áhrif í samfélaginu. Verkefnið byggir á sviðsverki Salvarar Gullbrár, Krakkaveldi, sem var sýnt í Listaháskólanum 2018-19. Í tvær vikur fá börnin tækifæri og svið til þess að þróa sínar hugmyndir undir listrænni stjórn með áherslu á sjálfstæði og sköpun.

Galdrar og þjóðsögur á Ströndum; átaksverkefni í miðlun þjóðtrúar á meðal grunnskólabarna í Strandasýslu

- **Styrkþegi:** Strandagaldrur.
- **Fjárhæð:** 1.310.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefninu er ætlað að efla þekkingu barna á íslenskri þjóðtrú, en sérstaða Vestfjarða byggir einmitt á varðveislu margra þjóðsagna og ævintýra sem mikilvægt er að miðla til yngri kynslóða. Galdrasafnið á Ströndum byggir einmitt á þessum menningararfi. Verkefnið snýr að því að efla og samflétta galdra og þjóðtrú þar sem lagt verður upp úr virkni þátttöku barna. Lokaafurðir þessarar vinnu verður svo kynnt á Allra heilagra messu haustið 2019.

Reykjavík Menningarhringur

- **Styrkþegi:** Rótarskot Reykjavík.
- **Fjárhæð:** 1.242.400 kr.
- **Stutt lýsing:** Reykjavík Menningarhringur eru listrænar sumarbúðir fyrir ungt fólk sem verða í júní 2019 og eru skipulagðar af samtökunum Rótarskot Reykjavík. Með verkefninu viljum við búa til rými fyrir ungt fólk í viðkvæmri stöðu, t.d. fylgdarlaus flóttabörn, til skapandi tjáningar og þannig valdeflt þau til áhrifa í samfélaginu. Við gerum það í gegnum hip hop menningu og í samstarfi við félagsmiðstöðvar, félagasamtök, skóla og íslenska og erlenda listamenn.

Umboðsmenn friðar

- **Styrkþegi:** Háskóli Íslands.
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** „Við lærðum um einelti, Barnasáttmálann og við lærðum að vera betri hvort við annað.“ Námskeið í mannréttinda- og friðarfræðslu á vegum Höfða friðarseturs, í samstarfi við skóla- og

frístundasvið Reykjavíkurborgar, Rauða kross Íslands, Listaháskóla Íslands og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmiðið með námskeiðinu er stuðla að aukinni friðar- og mannréttindafræðslu meðal grunnskólabarna og lögð er áhersla á að efla þekkingu þeirra á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með skapandi hætti.

Tungumálatöfrar

- **Styrkþegi:** Menningarmiðstöðin Edinborg.
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Tungumálatöfrar er íslenskunámskeið með listsköpun og leik fyrir 5 – 11 ára fjöltyngd börn. Námskeiðið er hugsað fyrir börn af erlendum uppruna sem búa á Íslandi og íslensk börn sem að hafa fæðst eða flutt erlendis og börn eða börn fædd í útlöndum þar sem annað foreldrið er íslenskt og hitt útlenskt. Kennarar leiða börnin áfram í umhverfi sem eflir málvitund barnanna og styrkir sjálfsmynd þeirra. Töfraganga er hátíð í lok námskeiðsins sem er opin öllum.

Kvikmyndatónleikar barna á Gamanmyndahátíð Flateyrar

- **Styrkþegi:** Tónlistarskóli Ísafjarðar.
- **Fjárhæð:** 950.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Vel valin gamanmynd frá tímum þöglu myndanna verður flutt á Gamanmyndahátíð Flateyrar við lifandi tónlistarflutning barna á aldrinum 8-15 ára. Börnin fá þar innsýn inn í uppruna kvikmyndanna og hvernig lifandi hljóðfærleikur var notaður í kvikmyndahúsum heimsins til þess að glæða kvikmyndirnar meira lífi áður en tækniþróun gerði kvikmyndafólki kleift að skeyta saman hljóði og mynd.

Blái hnötturinn og barnasáttmálinn

- **Styrkþegi:** Stúlknakór Akureyrarkirkju.
- **Fjárhæð:** 900.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Barnakórar Akureyrarkirkju, Barna- og Æskulýðskór Glerárkirkju og Ungmennakór Akureyrar í samstarfi við Menningarfélag Akureyrar flytja ævintýrið um Bláa hnöttinn á alþjóðlegum degi barna, 20. nóvember 2019, sem er 30 ára afmæli Barnasáttmálans. Blái hnötturinn er mikilvægt og hugmyndaríkt ævintýri, þar sem brýnt er fyrir fólki að sýna réttlæti og mannúð og um leið er það viðvörðun að hlaupa ekki eftir innantómu stuði. Síðast en ekki síst er það ábending um að varðveita æskuna í sjálfum sér.

Ævintýraleikvöllir

- **Styrkþegi:** Meðvitaðir Foreldrar – Virðing í uppeldi.
- **Fjárhæð:** 830.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Markmiðið leikvallanna er að gefa börnum tíma og tækifæri til að njóta sín í frjálsum leik með opinn efnivið. Þar sem börnin fá frelsi til að kanna umhverfi sitt á sínum eigin forsendum,

skapa og reyna á hugmyndaflugið. Efniviðurinn sem boðið er upp á sem leikefni hefur engan fyrir fram ákveðinn tilgang og því undir börnunum komið að nota ímyndunaraflíð og efla sjálfstæði sitt í leik. Á meðan er foreldrum boðið að taka skref til baka, fylgjast með og njóta þess sem börnin taka upp á að gera.

Myrkrabörn

- **Styrkþegi:** Tónskáldafélag Íslands.
- **Fjárhæð:** 750.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Myrkrabörn er ný tónlistarhátíð ætluð börnum. Hátíðinni er ætlað að gera samtímatónlist aðgengilega fyrir börn og fjölskyldur þeirra og standa fyrir viðburðum sem eru upplýsandí og fræðandi samhliða því að vera skemmtilegir. Myrkrabörnum er ætlað að opna heim samtímatónlistar fyrir ungum áheyrendum og skapa vettvang þar sem börn geta kynnst fjölbreyttu landslagi hennar ásamt því að gera samtímatónlist aðgengilega sem flestum.

Uppljómunargarðurinn [e. The Garden of Spirited Minds]

- **Styrkþegi:** Listahátíð í Reykjavík.
- **Fjárhæð:** 731.800 kr.
- **Stutt lýsing:** Uppljómunargarðurinn er allt umlykjandi listræn upplifun fyrir ung börn og fullorðna, hönnuð til að örva öll skilningarvit. Áhorfendur geta hreyft sig um að vild, notið fjölbreyttra sjónarhorna, kannað umhverfið, verið virk eða slakað á, alfarið á eigin forsendum. Sýningin er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík en einn sýningardagur verður í samstarfi við List fyrir alla tekinn sérstaklega frá fyrir börn sem þurfa meira næði til að njóta upplifunarinnar, til dæmis vegna fötlunar eða þroska frávíka.

Rokkrúlletta

- **Styrkþegi:** Stelpur rokka!
- **Fjárhæð:** 600.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Í Rokkrúllettu samtakanna Stelpur rokka! spila þátttakendur saman í hljómsveitum og semja frumsamið lag undir leiðsögn tónlistarkvenna og fagkvenna í tómsundastarfi. Ungmennin taka þátt í skemmtilegum þemaumræðum og föstudagssmiðjum og koma fram á glæsilegum lokatónleikum í nýjum höfuðstöðvum samtakanna í annarlok. Rokkrúllettan fer fram á haustönn og vorönn, í alls 10 skipti hvora önn, 3 tíma í senn. Hver hljómsveit æfir einu sinni í viku auk þess að taka þátt í föstudagssmiðjum.

Youth Fringe

- **Styrkþegi:** Menningarfélagið Hneykslist.
- **Fjárhæð:** 476.500 kr.

- **Stutt lýsing:** Youth Fringe (YF) er listahátíð innan jaðarlistahátíðarinnar RVKfringe. YF gefur ungu fólki, 13-18 ára, tækifæri til að láta ljós sitt skína. YF einblínir á nýja, unga list. Listamenn leiða vinnustofur yfir daginn en á kvöldin sýna þátttakendur í YF verk sín fyrir almenningi. Við teljum að unglingar hafi getu til að storka hefðbundum hugmyndum um hvað list er og í gegnum YF viljum við gefa hugmyndum þeirra þann innblástur sem þarf til að lýsa upp framtíð lista- og menningarlandslags Íslands.

Vinnusmiðja og barnasýning á Gamanmyndahátíð Flateyrar

- **Styrkþegi:** GamanGaman (Félagasamtök).
- **Fjárhæð:** 400.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Á Gamanmyndahátíð Flateyrar árið 2019 verður börnum boðið upp á gamanmyndavinnusmiðju og kvikmyndasýningu þar sem leikarar og aðstandendur myndarinnar mæta og ræða við börnin bæði fyrir og eftir sýningu.

Útibókasöfn á Akureyri

- **Styrkþegi:** Amtsbókasafnið á Akureyri.
- **Fjárhæð:** 300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið Útibókasöfn á Akureyri felst í að grunnskólabörn smíða bókaskápa sem geta staðið úti á svæðum þar sem fjölskyldan kemur saman yfir sumarið. Hönnun og smíði skápana fer fram undir handleiðslu smíðakennara á sumarnámskeiðum. Útibókasöfnin minna á mikilvægi læsi, auka aðgengi að bókum, hvetja til samveru fjölskyldunnar og stuðla að sjálfbærni og umhverfisvernd þar sem notaðar bækur og endurvinnanlegur efniviður er lagður til grundvallar í verkefninu.

Styrkveitingar 2020

Vatnsdropinn

- **Styrkþegi:** Kópavogsbær.
- **Fjárhæð:** 6.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið Vatnsdropinn á vegum Kópavogsbæjar (IS), H.C. Andersen-safnsins (DK), Múmínsafnsins (FI) og Ilon's Wonderland (EE) er fyrsta alþjóðlega og þverfaglega menningarverkefnið sem tengir norrænar barnabókmenntir við þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Í þessu þriggja ára verkefni eru norræn skólabörn virkjuð í sýningarstjórn og framkvæmd menningarverkefnisins, en það samanstendur af vinnusmiðjum, sýningum og viðburðum fyrir almenning.

"Tungumálatré" –sýningaratriði í Tungumálastofu í Veröld - húsi Vigdísar

- **Styrkþegi:** Háskóli Íslands.
- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Sótt er um styrk til framkvæmdar á „Tungumálatré“, einu sýningaratriði „Tungumálastofunnar“, gagnvirkar sýningar sem opnar í Veröld - húsi Vigdísar haustið 2020. Um er að ræða varanlega sýningu sem ætluð er til fræðslu og vitundarvakningar um tungumál heims í víðri merkingu. Í Tungumálastofunni er tungumálum og vísindum miðlað til grunnskólanema og kennara þeirra á gagnvirkan og lifandi hátt til þess að örva hugsun, vekja áhuga þeirra og skilning, og styðja við nám og kennslu sem þeim tengjast.

Þjóðleikur

- **Styrkþegi:** Fljótsdalshérað.
- **Fjárhæð:** 4.600.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Þjóðleikur er stórt og afar farsælt samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og margra grunn- og framhaldsskóla, menningarráða, sveitarfélaga og áhugaleikfélaga á landsbyggðinni. Með þau markmið að efla íslenska leikritun og styrkja leiklistariðkun ungs fólks. Efla áhuga ungs fólks á leiklist. og efla læsi þess á listformið. Að styrkja fagþekkingu í leiklist í skólum og hjá áhugaleikfélögum. Að tengja Þjóðleikhúsi á lifandi hátt við landsbyggðina og efla samstarfið við menningarstofnanir landsbyggðarinnar

Listveita List fyrir alla

- **Styrkþegi:** Elfa Lilja Gísladóttir.
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Grunnskólar landsins þekkja vel List fyrir alla og á heimasíðu verkefnisins má finna upplýsingar um listviðburði sem grunnskólum stendur til boða að fá til sín í heimsókn/heimsækja. Listveitan er viðbót, þar sem kennurum og nemendum allra grunnskólastiga er boðið upp vefefni þar sem listamenn eru í aðalhlutverki og miðla listrænu efni á fjölbreyttan hátt, með ólíkum útfærsluleiðum. Listveitan veitir hverri listgrein vægi og rými sem og leitar spennandi leiða um samþættingu listgreina.

Í takti – unglingar og samtímalist

- **Styrkþegi:** Gerðarsafn.
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Gerðarsafn leggur við hlustir – hvernig vilja unglingar upplifa samtímalist? Safnið vill í samstarfi við unglingana í Kópavogi skapa kjöraðstæður fyrir þá til að upplifa list og mennta sig í menningarlæsi. Upptakturinn að þessu samtali milli safns og unglinga

er sleginn í samvinnu við þverfaglegan hóp listamanna sem munu aðstoða nemendurna við að skapa sér afdrep innan safnsins og hafa mótandi áhrif á starfsemina. Þannig finna unglingarnir sínar leiðir til að fræðast um samtíma list og safnið lærir af þeim

Smiðjur óháð tungumáli

- **Styrkþegi:** Kópavogsbær.
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi miða að því að myndlist, tónlist og ritlist sé viðfangsefnið í smiðjum sem eru óháðar því að þátttakendur eða þeirra fylgifyrirkennarar tali íslensku. Listamenn frá Póllandi, Íslandi og Serbíu leiðbeina á pólsku, spænsku, ítölsku, þýsku, ensku og íslensku með það að leiðarljósi að börn og fjölskyldur geti notið skapandi stunda óháð tungumáli eða menningarbakgrunni.

FLY Ísland 2

- **Styrkþegi:** Ari Hlynur Guðmundsson Yates.
- **Fjárhæð:** 3.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Framhald á fyrra verkefni (FLY Ísland) sem snýr að því að innleiða nýjar kennsluáferðir á sviði „sjónrænnar sögugerðar“ innan grunnskóla landsins. Þetta er gert að fordæmi sambærilegs (og gríðarstórs) verkefnis í Danmörku undir leiðsögn Animated Learning Lab, sem er einnig í aðstoðar- og ráðgjafarhlutverki í þessu verkefni. Í fyrri hluta verkefnisins var komið á samskiptaneti kennara og nú verður það nýtt til að færa út kvíarnar, bæta fleiri skólum við, styrkja færni kennara á þessu sviði o.fl..

BIG BANG tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur

- **Styrkþegi:** Reykjavíkurborg.
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** BIG BANG evrópsk tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur sem fá að upplifa fjölbreytta og metnaðarfulla efnisskrá er samanstendur af tónleikum, innsetningum og tónlistartengdum smiðjum undir handleiðslu fagfólks í tónlist. Sérstök áhersla er lögð á tónlistarfólk og tónskáld sem sjá ævintýrið í tónlistarsköpun sinni og vilja leita frjórri leiða til að kynna tónlist fyrir börnum og deila með þeim sviðinu.

BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Yfirskriftin -Réttur til áhrifa- með einkunnarorðin Þora Vera Gera

- **Styrkþegi:** Austurbrú.
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi 2020. Einkunnarorð hátíðarinnar eru Þora! Vera! Gera! enda er leiðarljós

hennar að börn þori að vera þau sjálf og framkvæmi á eigin forsendum. Hátíðin er haldin frá miðjum september fram í október þar sem fram fara litlir sem stórir listviðburðir auk námskeiða og fræðslu á sviði lista og menningar. Yfirskriftin í ár er "Réttur til áhrifa" og byggir á 12. grein Barnasáttmála Sp. Dagskráin er kynnt á heimasíðunni <https://www.bras.is/>.

Varpið

- **Styrkþegi:** Listasafn Reykjavíkur.
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Börn og unglingar eru listunnendur í mótun og Listasafn Reykjavíkur hyggst efla fræðslu og miðlun á samtímalist fyrir þau. Varpið á samastað veflægt og sem „pop-up“ viðburðir í safnhúsunum og mætir ungum áhorfendum á þeirra forsendum. Viðamikill fræðslugrunnur sem byggist á safneign verður útbúinn og notaður við útfærslu stakra viðburða í framtíðinni. Fyrsti sýnilegi viðburður Varpsins er sýning í Hafnarhúsi árið 2021 sem er hugsuð sérstaklega fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur.

Sögur - Skapandi skrif og Sögur - Verðlaunahátíð barnanna

- **Styrkþegi:** Reykjavík bókmenntaborg UNESCO.
- **Fjárhæð:** 2.600.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Við erum umvafin sögum, þær eru í tónlistinni sem við hlustum á, leiknar á leiksviðum landsins, til sýninga í kvikmyndahúsum og sjónvarpi og auðvitað í bókum sem við lesum og sögunum sem við segjum. Markmið Sagna er að lyfta verkum barna og sýna þeim hvað getur orðið úr hugmyndum þeirra. Hefja upp íslenskuna sem skapandi tungumál og styrkja börnin í að nýta tungumálið á fjölbreyttan hátt. Gefa svo börnum rödd til að velja það sem þeim finnst vel gert á sviði barnamennningar.

Að hugsa sér

- **Styrkþegi:** Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón-og heyrnarskerðingu.
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Markmið verkefnisins er að veita blindum börnum aðgengi að bókum sem hefur verið takmarkað á Íslandi fram til þessa. Mikilvægt er að mæta þörfum blindra barna fyrir bækur til jafns við sjáandi börn. Huga þarf að ýmsu eigi bókin að vera aðgengileg fyrir blind börn þar sem þau þurfa að nota önnur skynfæri en sjón við lestur og skoðun bóka. Með þreifibókum fá blind börn tækifæri til að skilja og túlka myndir, læra um form og mismunandi áferð og kynnast punktalettrinu sem þau þurfa að tileinka sér.

Listasmiðjur með listamönnum úr heimabyggð

- **Styrkþegi:** Tálknafjarðarskóli.
- **Fjárhæð:** 2.300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Listasmiðjur með listamönnum úr heimabyggð felur í sér samstarf milli skólanna á sunnanverðum Vestfjörðum og þeirra listamanna sem búa á eða eru ættaðir af svæðinu. Listamennirnir koma heim og taka þátt í verkefninu með því að deila sinni þekkingu og list til barnanna í heimabyggð í gegnum almennt skólastarf í reglulegum listasmiðjum á skólaárinu 2020-2021. Markmiðið með þessu verkefni er að auka flóru listsköpunar í skólunum á sunnanverðum Vestfjörðum.

Sjúkrahústrúðarnir.

- **Styrkþegi:** Trúðavaktin, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 2.200.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Trúðavaktin, íslensku sjúkrahústrúðarnir, eru fyrstir sinnar tegundar á Íslandi. Vaktina skipa tíu fagmenntaðir leikarar sem hafa hlotið sérstaka þjálfun í aðferðarfræði og vinnusiðferði sjúkrahústrúða. Trúðavaktin býður ókeypis þjónustu fyrir Barnaspítala Hringsins og hóf starfsemi sína þann 1. mars 2018. Trúðarnir heimsækja öll börn frá 0-18 ára á spítalanum, alla fimmtudaga, allt árið um kring, tveir trúðar í senn. Hlutverk Trúðavaktarinnar er að skapa stuttar gleðistundir í erfiðum aðstæðum

Rewriting stories of war into stories of peace

- **Styrkþegi:** O.M.A.H.A.I.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Rewriting stories of war into stories of peace is a project that aims to voice out the stories of children from minority and immigrant groups residing in Iceland. The children are encouraged to tell their stories from back home, and their experience of living in a new culture different to theirs. Through this program, the children will be guided to develop various skills that help them to discover their capacities to move further with their stories and rewrite them into stories of hope.

Fuglabjargið

- **Styrkþegi:** Hallveig Kristín Eiríksdóttir.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Barnaróperan Fuglabjargið er mynd- og ljóðrænt skynjunarleikhús, þar sem fuglategundirnar sem byggja eyjuna Skrúð fyrir utan Fáskrúðsfjörð eru skoðaðar í gegnum gang árstíðanna. Innan um sviðsmynd sem umlykur áhorfendur (og foreldra þeirra) mála söngvarar og hljóðfæraleikarar með flautu, klarínetti, fagoti og slagverki upp mynd af fuglunum og hversdagslegu lífi þeirra á eyjunni litlu á Austfjörðum.

Hvammstangi International Puppetry Festival

- **Styrkþegi:** Handbendi Brúðuleikhús ehf.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Hvammstangi International Puppetry Festival er ný tvíæringis brúðulistahátíð sem haldin verður á Hvammstanga og í nærsveitum þar sem íslenskir og alþjóðlegir brúðulistamenn bjóða upp á sýningar fyrir alla aldurshópa, vinnustofur og fyrirlestra - unnið verður með fyrirtækjum á staðnum og ferðamálageiranum að því að auka fjölbreytni í menningar- og þáttökutækifærum á svæðinu. Fyrsta hátíðin verður haldin 9. - 11. október 2020.

Himinn og haf – Barnamenningsdagur í Fjallabyggð

- **Styrkþegi:** Fjallabyggð.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Barnamenningsdagur í Fjallabyggð haustið 2020. Himin og haf er þema hátíðarinnar sem haldin verður dagana 24.-27. október 2020. Markmið barnamenningsdaga Fjallabyggðar er að efla menningarstarf barna og ungmenna.

Menning - frá okkar bæjardyrum séð

- **Styrkþegi:** Þroskahjálp, landssamtök.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið leggur áherslu á listsköpun, réttindi og menningu og sameinar þrjár grundvallar forsendur sem er að finna í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna: Þátttöku, menningu og vitundarvakningu.

Verkefnið er þrjúþætt:

1. Listasmiðjur í samvinnu við listamenn - 6 smiðjur.
2. Vitundarvakningu um það sem stendur í vegi fyrir þátttöku fatlaðra barna í menningarlífi.
3. Listasýning þar sem afrakstur listasmiðjanna er sýndur.

Náttúruskólinn

- **Styrkþegi:** Óbyggðasetur ehf.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Að auka sjálfstraust og virkni barna og unglunga með áskorunum og þjálfun á samvinnu. Lífandi fræðsla um náttúru, náttúruvernd, sögu og menningarmínjar. Virkja og þjálfna skapandi hugsun og færni nemenda, með nýjum nálgunum. Sá fræjum til að vekja áhuga og virðingu fyrir náttúrunni til framtíðar.

Kenna undirstöðuatriði í ferðamennsku og náttúrulæsi.

Vinna með styrkleika hvers nemanda fyrir sig.

Kvikindahátíð

- **Styrkþegi:** Askur og Embla ehf.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Í tilefni þess að Evrópsku kvikmyndaverðlaunin eru haldin á Íslandi árið 2020 verður haldin vegleg stuttmyndasamkeppni fyrir unglunga um allt land. Í undanfara keppninnar er ungmenum boðið upp á vandaða kynningu á störfum listamanna innan kvikmyndageirans og vönduð kennslumyndbönd í kvikmyndagerð. Í gegnum verkefnið eru börn um allt land hvött til að kynna sér kvikmyndagerð og einnig að skapa sín eigin kvikmyndaverk.

Sönglist fyrir börn og unglunga á Óperudögum

- **Styrkþegi:** Pera Óperukollektíf, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Fjölbreytt og nýstárleg dagskrá verður í boði fyrir börn og unglunga á Óperudögum 2020. Hjertelyd er ópera fyrir ungabörn frá 0-2,5 árs; Ljóð fyrir loftslagið er norrænt samstarfsverkefni þar sem sterk áhersla er lögð á virka þátttöku og listsköpun barna í samstarfi við ungt listafólk. Music and the Brain er glæný rafópera eftir Helga Rafn Ingvarsson. Óperan er tilvalin fyrir unglunga til að kynnast óperuforminu. Auk þess verða aðrir barnvænir tónleikar og viðburðir á hátíðinni.

Verðlaunahátíð ungra áhorfenda

- **Styrkþegi:** Kvikmyndamiðstöð Íslands.
- **Fjárhæð:** 1.800.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verðlaunahátíð ungra áhorfenda eða EFA Young Audience Award er hluti af Evrópsku kvikmyndaakademíunni. Krökkum á aldrinum 12 – 14 ára víðsvegar um Evrópu er boðið árlega að taka þátt á kvikmyndahátíð sem meðlimir í dómnefnd. Hátíðin fer fram samtímis í um 40 Evrópulöndum og 70 borgum og Íslandi þar með talið.

Derringur

- **Styrkþegi:** Dansfélagið Lúxus.
- **Fjárhæð:** 1.800.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Derringur er nýtt íslenskt dansverk eftir danslistakonurnar, Snædís Lilju Ingadóttur og Valgerði Rúnarsdóttur. Verkefnið er unnið í náinni samvinnu við grunnskólabörn víða um land og sækir innblástur sinn í árstíðirnar fjórar og íslenskt veðurfar.

Undrin í náttúru Íslands: Listasmiðja

- **Styrkþegi:** Ásthildur Björg Jónsdóttir.
- **Fjárhæð:** 1.800.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Valdeflandi námskeið í myndlist í íslenskri náttúru þar sem áhersla er lögð á að skoða hvað felst í hinu "góða lífi". Fjölskyldan, vinir, góð heilsa, fjölbreytt menning, öryggi, sjálfstæði, fallegt umhverfi, samkennd og kærleikur eru allt þættir sem hafa áhrif á líf fólks. Á námskeiðinu er náttúran á höfuðborgarsvæðinu efniviður listsköpunarinnar. Þátttakendur greina hvernig félagslegir þættir og umhverfið geta haft áhrif á líðan fólks. Niðurstöður verkefnisins verða settar upp á sýningu.

Úti er ævintýri

- **Styrkþegi:** Íris Hrönn Kristinsdóttir.
- **Fjárhæð:** 1.800.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Ratleikurinn Úti er ævintýri er læsihvetjandi ratleikur um Kjarnaskóg sem er eitt vinsælasta útivistarsvæði landsins. Leikurinn gengur út á að þátttakendur leita að persónum úr vinsælum barnabókmenntum í skóginum og læra í leiðinni að lesa úr korti. Verkefnið sameinar barnameningu, útivist, hreyfingu og myndlist í bland við lestur áhugaverðra barnabókatekta og texta um náttúrufræði. Börn hanna og smíða persónurnar í samstarfi við listamenn.

Stelpur filma!

- **Styrkþegi:** Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf.
- **Fjárhæð:** 1.600.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Stelpur filma! er vikulangt námskeið þar sem stelpur læra undirstöðuatriði í kvikmyndagerð. Margir samverkandi þættir gera það að verkum að stelpur eru ólíklegri til að prófa sig áfram í kvikmyndagerð og láta rödd sína heyrast. Með Stelpur filma! er stuðlað að því að leiðrétta þennan kynjahalla, með því að bjóða upp á rými þar sem stelpur fá næði til að þroska sína hæfileika og mynda tengsl við kvenkyns fyrirmyndir.

Skapandi skrif í grunnskólum landsins

- **Styrkþegi:** Þorgrímur Þráinsson.
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Skapandi skrif fyrir nemendur í 100 grunnskólum á landinu. Fræðsla um hvernig spinna á söguþráð, skapa persónur, spennu, koma lesendum á óvart og hvað skiptir mestu máli þegar saga er skrifuð. Reynsla mín af því að kenna skapandi skrif er sú að lesendur vilja lesa þær bækur sem ég segi frá og í kjölfar þess lesa þeir fleiri bækur. Því fleiri bækur sem nemandi les þeim mun betur gengur viðkomandi í skóla og þannig eflir hann sjálfsmýndina. Læsi er eitt mikilvægasta lýðheilsuáttákið þjóðarinnar.

Grasagrafík

- **Styrkþegi:** Listasafn Árnesinga.
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Haldin verða námskeið á Suðurlandi í samstarfi við Listasafn Árnesinga sem verður stýrt af listamanninum Viktori Pétri. Hann mun heimsækja samstarfsskóla og halda námskeið bæði fyrir kennara og nemendur á Suðurlandi. Viktor Pétur hefur frá árinu 2017 unnið með jurtir úr flóru Íslands og skapað úr þeim tvívíð verk með því að draga liti og línur úr jurtunum á grafíkappír. Er þetta einstakt verkefni þar sem nemendur verða hvattir til að sjá jurtir í nýju ljósi.

Geim-mér-ei: Leiksýning á landsbyggðinni

- **Styrkþegi:** Miðnætti Leikhús.
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** „Geim-mér-ei“ er farands-brúðsýning án orða um óvænta vináttu lítillar stelpu og framandi geimveru. Vala og Fúm lenda í ýmsum aðstæðum þar sem þau upplifa vanmátt og hræðslu en það er allt í lagi því innra með þeim býr kraftur, sjálfstæði og hugrekki og með samvinnu má sigrast á stærstu hindrunum. Með leiksýningunni er ungum leikhúsgestum sýnt að það er eðlilegt að upplifa ótta gangvart hinu óþekktu. Þetta er hugljúf og spennandi saga sem túlkuð er án orða og með lifandi tónlist.

Tungumálatöfrar

- **Styrkþegi:** Tungumálatöfrar.
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Tungumálatöfrar er íslenskunámskeið með listsköpun og leik fyrir 5 – 11 ára fjöltyngd börn. Námskeiðið er opið öllum börnum en er hugsað sérstaklega fyrir íslensk börn sem að hafa fæðst eða flutt erlendis og börn af erlendum uppruna sem hafa sest að hér á landi. Kennarar nota myndlist, tónlist, sögur og leiki til að leiða börnin áfram í umhverfi sem eflir málvitund barnanna og styrkir sjálfsmynd þeirra. Hátíð er haldin á lokadeginum þar sem fjölbreytileikanum er fagnað á margvíslegan hátt.

Bæjarstjórn unga fólksins

- **Styrkþegi:** Hafnafjarðarkaupstaður.
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Bæjarstjórn unga fólksins er hlutverkaleikur fyrir einn árgang úr grunnskólum Hafnarfjarðar þar sem unga fólkið setur sig í hlutverk bæjarfulltrúa í einn dag og vinnur með málefni sem þau velja sjálf. Verkefnið tengist sýningu listamannatvíeykisins Ólafs Ólafssonar og Libiu Castro sem verður sett upp í Hafnarborg í vetur þar sem

stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er til umfjöllunar en undanfarin 10 ár hafa þau unnið með stjórnarskrána og tjáningarfrelsið í verkum sínum.

Galdraskólinn - viltu kynnast göldrunum innra með þér?

- **Styrkþegi:** Strandagaldur.
- **Fjárhæð:** 1.300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Í Galdraskólanum munu börn læra um galdrana í okkur sjálfum og náttúrunni. Nemendur fræðast um galdra á Íslandi, menningu og sögu sem þeim tengjast. Svo verður efnið nýtt sem efniviður í sköpun og tjáningu með samstarfi við fagmenntaða listamenn. Áherslurnar eru sjálfstyrking með sjálfsrýni og sköpun sem samvinnast með lærdómi um galdra og lækningajurtir sem tæki til að efla trú á eigin mátt.

Ljóðasmiðjur Svikaskálda

- **Styrkþegi:** Svikaskáld, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 1.300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Í Ljóðasmiðjum Svikaskálda fá unglingar og ungmenni tækifæri til að prófa vinnuaðferðir Svikaskálda og gefa út sín fyrstu ritverk. Í smiðjunum lesum við, rýnum og skrifum ljóð, sköpum og endursköpum og gefum loks út afraksturinn í ljóðabæklingi. Svikaskáld stýra smiðjunum og leggja áherslu á uppbyggilega samvinnu sem einkennist af trausti, sköpunargleði og trúnaði.

FAR Fest Afríka Reykjavík 2020

- **Styrkþegi:** Afrika-Lole, áhugamannafélag.
- **Fjárhæð:** 1.200.000 kr.
- **Stutt lýsing:** FAR Fest Afríka Reykjavík er afrísk menningarhátíð með áherslu á tónlist og dans en þverfaglegt samstarf við önnur listasvið, mismunandi eftir þema hvers árs.

FAR byggir á samstarfið milli íslensks, norræns og afríksks listafólks og stuðlar að tengslaneti sem má vinna með til framtíðar og eflir samvinnu og menningarlega þróun, m.a. á sviði tónlistar- og danskennslu og -iðkunar barna frá aldrinum 3 - 15 ára.

FAR Fest Afríka Reykjavík stendur fyrir námskeiðum, fræðslu, tónleikum og kórtónleikum.

Einar Þorsteinn- fyrir ungt fólk á öllum aldri

- **Styrkþegi:** Hönnunarsafn Íslands.
- **Fjárhæð:** 1.100.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Nýja leik- og fræðslustöðin um Einar Þorstein Ásgeirsson, hönnuð með meiru, verður opin öllum án endurgjalds á Hönnunarsafni Íslands. Þar verður fræðsla, verkefni og leikföng fyrir alla fjölskylduna sem hvetja til sköpunar og tilrauna, allt innblásið af verkum Einars.

Þannig mun Hönnunarsafnið bjóða börnum og ungmennum að setja sig í spor Einars sem rannsakendur og gera uppgötvanir um samhengi stærða, forma og eðli alheimsins.

Allt til enda - Listvinnustofur barna

- **Styrkþegi:** Listasafnið á Akureyri.
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Börnum á grunnskólaaldri verður boðið að sækja þrjár ólíkar listvinnustofur og vinna þar verk undir leiðsögn kraftmikilla og spennandi listamanna og hönnuða, sem eiga það sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á barnamenningu og vilja til að vinna metnaðarfull listaverk með börnum. Þar að auki er lögð áhersla á að börnin taki virkan þátt í að sýna afraksturinn á sérstakri sýningu sem sett verður upp í lok listvinnustofunnar og er öllum opin, þar fá börnin tækifæri til að láta ljós sitt skína.

Sögustundir með Maxa í Hörpu

- **Styrkþegi:** Maximus Musicus ehf.
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Sögustundir með Maxa í Hörpu eru ókeypis tónlistarsögustundir þar sem sögumaður flytur ævintýrin um músíkölsku músina Maxímús Músíkús. Myndunum úr bókunum er varpað upp á stóran skjá og sagan er sögð ásamt hágæða hljóðritum Sinfóníuhljómsveitar Íslands af öllum tónverkunum sem sögunum fylgja. Í lok stundarinnar kemur músin sjálf og dansar við Lagið hans Maxa sem allir taka þátt í að syngja og dansa og allir fá að hitta vin sinn, Maxa mús.

Upptakturinn - tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna

- **Styrkþegi:** Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf.
- **Fjárhæð:** 800.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Með Upptaktinum er áhersla lögð á að hvetja ungt fólk til að semja sína tónlist og senda inn tónsmíð, eða drög að tónverki. Dómnefnd sem skipuð er fagmönnum velur úr innsendum hugmyndum. Þau verk sem valin eru, verða fullunnin í vinnustofu með aðstoð tónlistarnemenda Listaháskóla Íslands. Einnig verður farið í að leita leiða hvernig tengja má tónlistaráherslu Upptaktsins við fleiri listgreinar. Tónverkin eru flutt á metnaðarfullri og glæsilegri tónleikadagskrá í tónlistarhúsinu Hörpu.

Barna- og unglingsdagaskrá Northern Wave

- **Styrkþegi:** Northern Wave, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 800.000 kr.

- **Stutt lýsing:** Á meðan að á Northern Wave Hátíðinni stendur er markmiðið að skipuleggja metnaðarfulla dagskrá fyrir börn og unglinga. Boðið verður upp á súper 8 krakkabíó með plagata-smíðju, sundbíó, skuggamyndasmiðju og hreyfimyndasmiðju.

Fuglaveröld

- **Styrkþegi:** Ólafur B. Ólafsson.
- **Fjárhæð:** 500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkið Fuglaveröld er söngleikur um íslenska fugla. Hann samanstendur af 15 sönglögum og sex dönsum. Ránfuglarnir ræna litlum unga og fela hann í hellisskúta. Hrafnarnir finna felustaðinn og hænurnar eiga stóran þátt í því að frelsa ungann og fara með hann heim. Verkið Fuglaveröld hefur verið gefið út sem kennslubók, sem notuð verður við vinnu verkefnisins. (Sjá fylgigögn bókina Fuglaveröld)

Orgelkrakkar

- **Styrkþegi:** Orgelhúsið, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Orgelkrakkar er evrópskt verkefni þar sem börn fá tækifæri til að setja saman lítið, sér smíðað orgel frá grunni og kynnast þannig uppbyggingu hljóðfærisins og hvernig hljómurinn í því myndast.

Styrkveitingar 2021

Stelpur filma á landsbyggðinni!

- **Styrkþegi:** Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf.
- **Fjárhæð:** 7.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Stelpur filma! er námskeið sem hvetur stelpur og kynsegin ungmenni til að vera virkir þátttakendur í kvikmyndagerð. Megináhersla er lögð á að skapa öruggt rými fyrir stelpur þar sem allar skoðanir og hugmyndir eiga rétt á sér. Með öruggu rými er einnig verið að vísa til þess allra mikilvægasta, þ.e. að ekkert umburðarlyndi líðst fyrir hvers kyns ofbeldi og fordómum, jafnframt er enginn dæmdur út frá frammistöðu, kynvitund, bakgrunni, uppruna, fjárhagslegri stöðu eða öðrum breytum.

Söfn fyrir börn

- **Styrkþegi:** Reykjanesbær.
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Söfn fyrir börn gerir listasafni Reykjanesbæjar og Byggðasafni Reykjanesbæjar kleift að formgera safnaheimsóknir skólabarna allra leik- og grunnskóla svo allir hafi jafna möguleika á að kynnast listum, sögu og menningu og fá í því skyni notið faglegrar

leiðsagnar sérstaks fræðslufulltrúa. Fræðslufulltrúinn hefur einnig það verkefni að sækja í hús hópa í viðkvæmri stöðu, svo sem íbúa af erlendum uppruna og fólk í starfsendurhæfingu til að auka líkur á að þau sækji þangað sjálf með börn sín.

Hönnun fyrir alla

- **Styrkþegi:** Hönnunarmiðstöð Íslands (MH&A).
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Hönnun fyrir alla eru vandaðir þættir um hönnun og arkitektúr miðaðir að börnum og ungmenum. Ljósí verður varpað á fjölbreytilegar greinar hönnunar og störf með áhugaverðum hætti. Fjallað verður um allt frá arkitektúr til fatahönnunar, grafíska hönnun, yfir í húsgagna- og vöruhönnun, stafræna- og upplifunarhönnun. Efnið verður birt á Listveitu (LFA) sem kennarar í grunnskólum landsins þekkjast vel og miðlað á nýrri síðu MH&A og nýtt í starfi miðstöðvarinnar sem snýr að fræðslu ungmenna.

Smiðjuþræðir úr safninu inni í sveitirnar

- **Styrkþegi:** Listasafn Árnesinga.
- **Fjárhæð:** 5.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Listasafn Árnesinga mun með þessu verkefni keyra út smiðjur og námskeið til skóla í Árnessýslu. Unnið verður með sex listamönnum í þetta skiptið sem koma úr mismunandi áttum, myndlistarmenn, leikari og leikstjóri, rithöfundur, raftónlistarmaður og tilraunalistamaður koma að verkefninu að þessu sinni.

Litla systir

- **Styrkþegi:** Ásrún Magnúsdóttir.
- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Litla systir er á vegum Ásrúnar Magnúsdóttur og Reykjavík Dance Festival. Unglingum verður veitt tækifæri til þess að móta sinn eigin óhefðbundna skóla. Þetta er uppfræðsluverkefni sem einblínir á listir og menningu. Litla systir er teymi unglunga sem velur sér kennara til þess að leiðbeina sér í því að skapa list og fræðslu ætlaða öðrum unglungum. Litla systir ætlar að halda listviðburði, námskeið og halda úti vefsíðu. Litla systir eru listamenn, sýningarstjórar og aktífastar morgundagsins.

Skúnaskrall - Barnamenningshátíð Norðurlands vestra

- **Styrkþegi:** Auður Þórhallsdóttir.
- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Skúnaskrall er barnamenningshátíð haldin víðs vegar á Norðurlandi vestra frá 14.-24. október 2021. Ýmis listanámskeið, listavinnustofur og listviðburðir prýða dagskrá hátíðarinnar. Áhersla er

lögð á fjölbreytni í dagskrá og gott aðgengi. Meginreglan er að aðgangur sé ókeypis og veiti því öllum börnum og ungmennum á Norðurlandi vestra tækifæri til að upplifa og vinna að fjölbreyttri listsköpun.

Krakkaveldi kynnir BarnaBar - vinnusmiðjur, tilraunir og sviðslistaverk

- **Styrkþegi:** Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir.
- **Fjárhæð:** 4.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Krakkaveldi kynnir BarnaBar! Sviðslistaverkefni þar sem börn bjóða fullorðnum til fundar við sig á stað þar sem börn eru yfirleitt ekki leyfð - á barnum. BarnaBar er útópískur bar í Norræna Húsinu þar sem börn ráða öllu og stökkva í öll störf, blanda óáfenga kokteila og leggja fullorðnum lífsreglurnar á trúno. BarnaBar er framhald lýðræðislega sviðslistaverkefnisins Krakkaveldis, þar sem krakkar héldu pólitíska fundi, gjörninga og skrifuðu ráðamönnum bréf í viðleitni til að breyta heiminum.

Listaklasi æskunnar

- **Styrkþegi:** Handbendi Brúðuleikhús ehf.
- **Fjárhæð:** 4.300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** The development and operation of a youth art cluster space in one of Hvammstangí's revitalised industrial buildings, making it a "third place" where young people can comfortably spend time, learn about and practice approaches to art, see exhibitions, meet friends, and work on their own projects.

Við langeldinn / Við eldhúsborðið

- **Styrkþegi:** Garðabær.
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Næststærsti landnámskáli á Íslandi er staðsettur í Minjagarðinum að Hofsstöðum í Garðabæ en í nálægð við garðinn er Hönnunarsafn Íslands og Bókasafn Garðabæjar. Það er áhugavert að velta fyrir sér lífinu á landnámsöld út frá fornleifafræði, arkitektúr, bókmenntum, myndlist og handverki og ekki síður að velta upp spurningum um hvað er líkt og hvað er ólíkt með lífi barna í samtímanum og á landnámsöld. Í fjölbreyttum smiðjum er þessum spurningum velt upp í því skyni að víkka sjóndeildarhring barna.

Sirkushátíð Hringleiks

- **Styrkþegi:** Hringleikur – sirkuslistafélag.
- **Fjárhæð:** 3.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið er fjögurra daga sirkuslistahátíð, vettvangur nýsirkussýninga og fjölbreyttra námskeiða sem henta breiðum hópi

áhorfanda og iðkenda. Markmið hátíðarinnar er að veita innsýn í nýsirkus (e. contemporary circus) og vekja athygli á sirkuslistum sem valkosti í menningu á Íslandi, bæði sem sviðslist og sem skapandi tómstundagrein. Verkefnið veitir þeim börnum sem þegar stunda sirkuslistir verðmætt tækifæri til sköpunar og sýninga í frjóu umhverfi.

BRAS - Unga fólkið og umhverfið

- **Styrkþegi:** Austurbrú.
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** BRAS er menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Einkunnarorð hennar eru: Þora!Vera!Gera! Þar sem börn eru hvött til að taka þátt og framkvæma á eigin forsendum. Hátíðin er haldin í fjórða sinn, í sept. og okt. með fjölbreyttum list- og menningarviðburðum um allt Austurland. Hátíðin er haldin í góðu samstarfi skóla, sveitarfélaga, menningarmiðstöðva og stofnana á Austurlandi. Þema ársins 2021 er náttúra og umhverfisvernd. Lögð er áhersla á vinnu með starfandi listafólki og liststofnunum.

Heimildasmiðjan

- **Styrkþegi:** Docfest ehf.
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Röð námsstofa þar sem farið er djúpt í ferlið sem liggur að baki heimildamyndagerðar. Þátttakendum býðst að vinna í hópum yfir vetur, undir leiðsögn fólks í faginu, innan sem utan lands að gerð stuttra heimildamynda sem sýndar verða almenningi sem hluti af dagskrá IceDocs heimildamyndahátíðarinnar.

Vefskóli töfrabarnanna

- **Styrkþegi:** Tungumálatöfrar, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Vefskóli Töfrabarnanna er íslenskunámskeið sem börn alls staðar að geta haft aðgang að. Það byggir á hugmyndafræði Tungumálatöfra sem er sumarnámskeið fyrir fjöltyngd börn haldið í Ísafjarðarbæ ár hvert. Í upphafi verðu vefskólinn þróaður með þeim börnum sem sækja námskeiðið og þeim boðið upp á íslenskuörvun árið um kring en í framtíðinni sjáum við fyrir okkur að vefskólinn geti þjónað öllum börnum sem vilja læra íslensku óháð landamærum.

Lagasmíðabúðir fyrir unga tónhöfunda

- **Styrkþegi:** Tónlistarfélag Árbæjar.
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið gengur út á að halda svokallaðar lagasmíðabúðir (e. songwriting camp) fyrir unga tónhöfunda. Þátttakendur munu þá fara með leiðbeinendum út á land þar sem unnið verður að eigin

tónsmíðum undir handleiðslu reyndra tónlistarmanna og fagmenntaðra þjálfara í eina viku. Þar munu þátttakendur öðlast aukna færni m.a. í lagasmíðum, upptökutækni og útsetningum en auk þess verður lögð áhersla á aðra þætti svo sem sjálfstyrkingu, tilfinninga- og félagshæfni.

Stafrænar styttur: Myndmæling á listaverkum Einars Jónssonar

- **Styrkþegi:** Listasafn Einars Jónssonar.
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Listasafn Einars Jónssonar (LEJ) í samstarfi við miðlunarfræðing og List fyrir alla bjóða nemendum á aldrinum 8-14 ára og grunnskólakennurum upp á stafræna viðburði / fjarfræðslu að tíu stytum fyrsta myndhöggvara Íslands með því að nota myndmælingu, hljóðleiðsögn, kynningarmyndbönd og stafrænar heimsóknir í safnið í fylgd með sérfræðingi þess. Listasafn Einars Jónssonar var fyrsta listasafnið sem opnaði fyrir almenningi í eigin húsnæði og ríður nú á vaðið með stafrænt aðgengi fyrir alla.

FRÍMÓ

- **Styrkþegi:** Ungar kvikmyndafélag ehf.
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** FRÍMÓ er handritasmiðja fyrir börn á aldrinum 8 - 12 ára þar sem þau fá tækifæri til að láta sínar raddir heyrast. Fyrir fram rammi er á sögunni tengdur tilfinningalífi barna en með listsköpun og hugmyndaauðgi barnanna kemst handritið á flug og verður aðgengilegra fyrir markhópurinn sjálfan. Smiðjan er í boði fyrir öll íslensk börn óháð búsetu.

Hinsegin götuleikhús

- **Styrkþegi:** Hinsegin dagar í Reykjavík – Reykjavík Pride.
- **Fjárhæð:** 2.200.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Hinsegin götuleikhús er verkefni þar sem unnið er með snertifleti listsköpunar og sýnileika hinsegin málefna. Leikhópurinn er skipaður átta skapandi hinsegin ungmennum á aldrinum 15-18 ára og nýtur leiðsagnar fagaðila í sviðslistum. Afrakstur verkefnisins verður sýndur á Hinsegin dögum, vikuna 3.-8. ágúst, í formi daglegra gjörninga þar sem hinsegin listamenn komandi kynslóðar einstaklingar deila hugmyndum sínum og skoðunum á skapandi hátt með tjáningarfrelsið og sköpunargleðina í fyrirrúmi.

OUTPOST II - light:dark

- **Styrkþegi:** Ásbjörg Jónsdóttir.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.

- **Stutt lýsing:** OUTPOST II - light:dark is an international, interdisciplinary art project that focuses on the collaboration between children or young people and professional artists from Iceland and Norway. Children from Myndlistaskólinn Mosfellsbæjar and Bodø kulturskole will work with professional composer/performers Ásbjörg Jónsdóttir, Astri Hoffmann-Tollaas, Ingibjörg Elsa Turchi and Birgit Djupedal. We will explore the landscape between music and visual arts through the theme light and dark.

Listfellsnes!

- **Styrkþegi:** Auður Bergdís Snorradóttir.
- **Fjárhæð:** 1.700.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Listfellsnes eru námskeið í leiklist og dansi fyrir börn og ungmenni af Snæfellsnesi. Á námskeiðunum verður unnið með sköpunarkraft krakkanna, samvinnu og leikgleði.

Tálgað og tengt við náttúru og sögu

- **Styrkþegi:** Þjóðminjasafn Íslands.
- **Fjárhæð:** 1.600.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Tálgað og tengt við náttúru og sögu er valdeflandi og skemmtilegt sumarnámskeið fyrir börn í viðkvæmri stöðu. Krökkunum er boðið til nærandi samveru þar sem sköpun, upplifun og uppgötvun ræður för. Námskeiðið tengir saman útivist, rannsókn á safnkosti Þjóðminjasafns Íslands og þjálfun í tálgun og beitingu bitverkfæra til að móta við. Það tengir uppgötvun á sögu og menningu þjóðar við upplifun og sköpun.

Listasmiðjur Hringfara í Svavarssafni

- **Styrkþegi:** Menningarmiðstöð Hornafjarðar.
- **Fjárhæð:** 1.600.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefninu er ætlað að efla safnastarf og fræðslu í Svavarssafni. Hugmyndin er að leiða saman fjóra íslenska myndlistarmenn og listfræðing og taka á móti nemendum á öllum skólastigum í sveitarfélaginu Hornafirði. Börnin heimsækja listasafnið með kennara og fá leiðsögn og taka þátt í listasmiðjum með myndlistarmönnum í kjölfarið. Ávinningur verkefnisins er margþættur en fyrst og fremst að hvetja til skapandi hugsunar, uppbyggilegs samtals og frjálsrar tjáningar.

BRUM

- **Styrkþegi:** Andrea Elín Vilhjálmadóttir.
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Hefur þú talað við, knúsað eða leikið við tré? Tekur þú eftir trjám og veistu hvað þau heita? Hefur þú komið í skringiskóg? Í BRUM

gefst öllum forvitnum krökkum tækifæri á að fara inn fyrir börkinn á trjánnum og kynnast þeim á áður óþekktan máta. Mundu bara að taka einhvern fullorðinn með þér.

Ísland í tali og tónum - spilað á stokka og steina

- **Styrkþegi:** Herdís Anna Jónsdóttir.
- **Fjárhæð:** 1.200.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Ísland í tali og tónum - spilað á stokka og steina" er verkefni ætlað íslenskum börnum á erlendri grundu. Dúó Stemma sem samanstendur af hljóðfæraleikurunum Herdís Önnu Jónsdóttur víóluleikara og Steef van Oosterhout slagverksleikara. Þau spila og skapa, með hjálp barnanna m.a. hin mögnuðu náttúruhljóð sem verða til á Íslandi. Leikin og sungin eru íslensk þjóðlög, farið með þulur og með sköpunarkrafti barnanna verður sögð hljóðsaga um vináttuna með hjálp alls kyns hljóðfæra og hljóðgjafa.

Allt til enda - listvinnustofur barna

- **Styrkþegi:** Listasafnið á Akureyri.
- **Fjárhæð:** 1.200.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Í Listasafninu á Akureyri verður boðið upp á þrjár vandaðar listvinnustofur þar sem börn á grunnskólaaldri fá tækifæri til að vinna undir leiðsögn kraftmikilla og metnaðarfullra listamanna og hönnuða. Áhersla er lögð á að börnin taki virkan þátt í öllu sköpunarferlinu, allt frá því að leita sér innblásturs, skapa verkið og sýna svo afraksturinn á sérstakri sýningu sem sett verður upp í safninu. Þar fá börnin tækifæri til að láta ljós sitt skína á sinni eigin sýningu í Listasafninu á Akureyri.

Skólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 2021

- **Styrkþegi:** Góli ehf.
- **Fjárhæð:** 1.100.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Skólatónleikar þar sem 14 manna hljómsveit kemur fram ásamt sögumanni og leikur fyrir börn í 9 grunnskólum á Suðurlandi. Framleitt verður stafrænt kynningarefni sem auðveldar tónmenntakennurum að undirbúa börnin sem best fyrir tónleikana og þátttöku þeirra í þeim. Börnin fá tækifæri til að upplifa menningarviðburð sem þeim hefur ekki staðið til boða áður og þannig auðgar verkefnið lista- og menningarlíf á Suðurlandi, með sérstakri áherslu á barnamenningu.

Tímahylkið

- **Styrkþegi:** Svalbarðsstrandarhreppur.
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið er í þremur hlutum. Fyrst er það tímarit sem gefið var út síðastliðinn vetur og kallað er Tímahylkið þar sem við

söfnuðum sögum úr samtímanum frá börnum og fullorðnum. Annar hluti er listsýning þar sem börn og ungmenni á Svalbarðsströnd vinna verk og sögulegt yfirlit með tengingu fyrri heimfaraldra. Þriðji hluti er Tímahylki þar sem völdum sýningamunum, orðsendingum og öðrum munum er safnað í kassa sem varðveittur verður á Minjasafninu og opnaður að 50, 60 eða 70 árum liðnum.

Nú angar og suðar í Skálholti: upplifunartónleikhús

- **Styrkþegi:** Sumartónleikar Skálholtskirkju.
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** „Nú angar og suðar í Skálholti“ er upplifunartónleikhús fyrir fjölskyldur sem mun vera flutt sumarið 2021 á Sumartónleikum í Skálholti. Sýningin mun draga innblástur sinn af náttúru og umhverfi Skálholts og er hluti af norræna verkefninu Nytt í nord! þar sem norræn tónskáld semja nýja tónlist fyrir börn. Sýningin verður flutt af tréblásturstríóinu Taffelpikene ásamt leikkonu sem leiðir fólk í gegnum sýninguna.

Forspil að framtíð

- **Styrkþegi:** Forspil að framtíð ehf.
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Forspil að framtíð er upplifunarleikhús fyrir allra yngstu kynslóðina (1-4 ára). Áhorfendur ferðast á milli rýma, þar sem þjóðsögum norrænna landa bregður fyrir. Tónlistin í hverju rými fyrir sig verður samin í rauntíma og munu áhorfendur hafa áhrif á hvernig hún verður. Engar tvær sýningar verða því eins. Við notum nýja tækni til að kynna gamlar sögur fyrir yngstu áhorfendunum.

Plöntuleikhúsið og Unglingurinn í skóginum á Plöntutíð

- **Styrkþegi:** Plöntutíð.
- **Fjárhæð:** 930.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Plöntuleikhúsið og Unglingurinn í skóginum eru tvö verk unnin af börnum og ungmennum sem verða sýnd á sviðslistahátíðinni Plöntutíð 3-5.september 2021.

Sjókonur og snillingar-nýtt tónleikhús og vinnusmiðja

- **Styrkþegi:** Kammerhópurinn Reykjavík-Barokk.
- **Fjárhæð:** 800.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið Sjókonur og snillingar-Tónleikhús og vinnusmiðja fer fram í Hljómahöll Reykjanesbæ í tengslum við Kona-Fornáttáttahátíð dagana 5.-7. nóvember 2021. Kammerhópurinn Reykjavík-Barokk stendur fyrir verkefninu í samstarfi við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og verður það flutt með virkri þátttöku nemenda. Verkefnið varpar ljósi á atvinnusögu íslenskra kvenna, kynnir verk

kventónskálda, ljóðskálda og kvæðakvænna fyrir nýjum áheyrendum og vekur athygli á íslenskum kvæða- og tónlistararfi.

Sögur af draugnum Reyra

- **Styrkþegi:** Ásdís Arnardóttir.
- **Fjárhæð:** 720.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Öllum grunnskólabörnum í 3.-5. á Norðurlandi verður boðið til sannkallaðrar hryllilegrar veislu þar sem draugurinn Reyri fer með þeim á vit löngu látinna tónskálda og kynnir þau fyrir tónlist þeirra. Blásarakvintettinn Norðaustan leikur, söngkona syngur aríu Næturdrottningarinnar úr Töfraflautu Mozarts ásamt fleiru og sögumaður leiða þessa ógleymanlegu stund sem er í senn ógnvekjandi en einnig ótrúlega myndin og skemmtileg. Barnakór Akureyrarkirkju og börn í Dansskóla Alice koma einnig fram.

Samstarf ungmenna með ólíkan bakgrunn í Norræna húsinu.

- **Styrkþegi:** Norræna húsið.
- **Fjárhæð:** 700.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Sótt er um styrk í Barnamenningsjóð til að koma á fót þremur verkefnum sem miðast við á að efla tengsl við ungmenni og nemendur frá Eystrasaltsríkjunum sem búa á Íslandi. Tilgangur þessara verkefna er að tengja samfélagshópa sem eiga hættu á að verða jaðarsettir við íslenska menningu í gegnum þverfaglegt listrænt samstarf. Fjölbreyttir hópar eru aðilar að áttakinu og má þar nefna kennaranema, menntaskólanemendur, börn í verkefninu Krakkaveldi ásamt kennurum frá litháenska og lettneska skólanum.

Anime Klúbbur

- **Styrkþegi:** Íslenska Myndasögusamfélagið (ÍMS).
- **Fjárhæð:** 700.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Í febrúar 2021 var stofnaður Anime Klúbbur fyrir 13-16 ára í Borgarbókasafninu Gerðubergi. Í klúbbnum er allskonar afþreying í boði: Spila, fönndra, teikna, prenta á boli, gera barmmerki, horfa á Anime (japanskar teiknimyndir) þætti og kvikmyndir, teikna, spjalla saman, glugga í Anime bækur, og margt, margt fleira.

Miðlunarlína Stelpur rokka!

- **Styrkþegi:** Stelpur rokka!, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 550.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Miðlunarlína Stelpur rokka! er ný nálgun á listsköpun barna og ungmenna með sömu hugmyndafræði og starf Stelpur rokka! í tónlist hefur verið með síðustu ár; félagslegt réttlæti og valdefling ungmenna. Miðlunarlínan mun fara fram samhliða rokksumarbúðum 13-16 ára í júní 2021 ásamt 10 vikna dagskrá haustið 2021 fyrir 10-17 ára.

Líkt og hljómsveitarvinnan í rokkbúðum mun miðlunarlínan gefa þátttakendum færi á að velja sér áherslusvið: kvikmyndagerð, hljóðupptöku, ljósmyndun eða hlaðvarpsgerð.

Krakkamengi

- **Styrkþegi:** Hlutmengi ehf.
- **Fjárhæð:** 520.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Í haust endurvekur Mengi í samstarfi við Guðrúnu Hrund Harðardóttur víóluleikara og tónlistarfólk úr ýmsum áttum tónleikaseríuna Krakkamengi sem haldin var við góðar undirtektir í Mengi árið 2016 og var þá undir leiðsögn Benna Hemm Hemm. Hugmyndin er að kynna ólíkar tónlistarstefnur fyrir börnum og fjölskyldum þeirra í afslöppuðu umhverfi í Mengi og verða á dagskránni verk frá barokktímanum til samtímans. Börnin verða hvött til virkrar hlustunar og þátttöku á fernum sunnudagstónleikum í haust.

Youth Fringe námskeið

- **Styrkþegi:** Menningarfélagið HneyksList.
- **Fjárhæð:** 380.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Jaðarlistahátíðin RVK Fringe fer fram í fjórða sinn 3.-11 júlí 2021. Sem partur af æskulýðsdagskrá hátíðarinnar, Youth Fringe, fara fram fjögur námskeið ætluð unglíngum á aldrinum 13-19 ára, þeim að kostnaðarlausu. Fagaðilar bjóða upp á námskeið í uppistandi, sviðsframkomu, sviðsmyndaumgjörð og sirkús og áhersla verður lögð á markaðssetningu og að þátttakendur læri að koma sér inn í bransann.

Senur úr barnæsku

- **Styrkþegi:** Íslenska Schumannfélagið.
- **Fjárhæð:** 300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Senur úr barnæsku, eða Kinderszenen Op. 15 eftir Robert Schumann er fagurt safn 13 smástykkja sem lýsa mismunandi atburðum úr barnæsku. Erna Vala Arnardóttir og Hlín Pétursdóttir Behrens ætla að flytja verkið á barnatónleikum í Hörpuhorni þann 5. ágúst 2021. Þar munu þær lýsa atburðum verksins, framvindu sögunnar og skapa ný sjónarhorn á hana með áhorfendum. Þær hvetja til þátttöku barna og vonast eftir miklu fjöri í gegnum ákvarðanir um hvað sé að gerast í tónlistinni hverju sinni.

Styrkveitingar 2022

Sviðslistir fyrir alla

- **Styrkþegi:** Sviðslistamiðstöð Íslands (SLM).
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.

- **Stutt lýsing:** “Sviðslistir fyrir alla” eru kvikmyndaðir þættir sem hafa það að markmiði að opna augu barna og ungmenna fyrir fjölbreytileika sviðslista. Þar verður kíkt á bakvið tjöldin, rýnt í aðferðir og leyndardómar afhjúpaðir. Með þáttunum viljum við jafnframt kynna fyrir börnum og ungmennum fjölbreytt störf og áhugaverða listamenn. Þættirnir geta þannig dýpkað upplifun og eftl listlæsi barna bæði sem njótendur og þátttakendur í sviðslistum.

Smiðjuþræðir / 6 listamenn

- **Styrkþegi:** Listasafn Árnesinga.
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Listasafn Árnesinga mun með þessu verkefni keyra út færanlegar listasmiðjur til skóla í Árnassýslu. Unnið verður með sex listamönnum í þetta skiptið sem koma úr mismunandi áttum. Myndlistarmenn, hönnuðir, textíllistamaður, hreyfimyndalistamaður og tónlistarmaður koma að verkefninu að þessu sinni og flest þeirra búa á Suðurlandi. Unnið verður með hugmyndir um íslenska menningararfleifð, fjölmenningu, endurnýtingu á efniviði og náttúruna á Suðurlandi.

Sendum tónlist út í geim!

- **Styrkþegi:** ÞYKJÓ ehf.
- **Fjárhæð:** 5.800.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Sendum tónlist út í geim! er þverfaglegt þátttökuverkefni fyrir börn. Það er innblásið af Gullplötunni „Sounds of Earth“ sem var send út í geim árið 1977 af NASA. Hópur hönnuða, vísindamanna og tónlistarfólks bjóða nú börnum um land allt í ferðalag um óravíddir tónlistar sem teygir sig út í geim og aftur heim. „Eiga geimverur plötuspilara? Hafa þær enn þá áhuga á Beethoven og Chuck Berry? Þurfa geimverurnar kannski að fá nýja plötu frá nýrri kynslóð? Hvaða tóna vilja börn á Íslandi senda þeim?“

Listræn sköpun eflir náttúruvitund

- **Styrkþegi:** Listasafn Íslands.
- **Fjárhæð:** 5.300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Þverfaglegar listasmiðjur í Listasafni Íslands þar sem ný sýning í Safnahúsinu Hverfisgötu verður vettvangur nálgunar á myndlist og vísindi. Áhersla verður lögð á að efla skapandi, gagnrýna hugsun og vekja áhuga þátttakenda á fjölbreyttum málefnum sjálfbærni með getu til aðgerða að leiðarljósi. Unnið verður með valin verk úr safneign Listasafns Íslands og þau tengd við valin þemu vísindanna. Kennarar á smiðjunum verða bæði listamenn og vísindamenn.

Söfn fyrir börn

- **Styrkþegi:** Reykjanesbær.

- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Söfn fyrir börn gerir Listasafni Reykjanesbæjar og Byggðasafni Reykjanesbæjar kleift að bjóða skólabörnum allra leik- og grunnskóla svæðisins upp á heimsóknir svo allir hafi jafna möguleika á að kynnast listum, sögu og menningu og fá í því skyni notið faglegrar leiðsagnar sérstaks fræðslufulltrúa. Fræðslufulltrúinn hefur einnig það verkefni að sækja í hús hópa í viðkvæmri stöðu, svo sem íbúa af erlendum uppruna og fólk í starfsendurhæfingu til að auka líkur á að þau sækji þangað með börn sín.

Rewriting Stories of War into Stories of Peace

- **Styrkþegi:** O.M.A.H.A.I.
- **Fjárhæð:** 4.800.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Rewriting stories of war into stories of peace is a project that aims to voice out the stories of children from minority and immigrant groups residing in Iceland. The children are encouraged to tell their stories from back home, and their experience of living in a new culture different to theirs. Through this program, the children will be guided to develop various skills that help them to discover their capacities to move further with their stories and rewrite them into stories of hope.

Óperu- og söngverkefni á Óperudögum 2022

- **Styrkþegi:** Pera Óperukollektíf, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 4.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið er fjölþætt en markmið þess er að gera óperu og sönglistarformið aðgengilegt fyrir börn og unglínga og að hátíðin standi fyrir fjölbreyttum söngviðburðum fyrir börn. Verkefnin fela í sér útgáfu á bók og hljóðriti; interaktífum tónleikum og að halda úti opinni vefsíðu þar sem börn geta tjáð sig um loftslagsmálin í ljóðum, tónlist og myndum.

Undraheimar Listasafns Einars Jónssonar

- **Styrkþegi:** Listasafn Einars Jónssonar.
- **Fjárhæð:** 4.350.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið leitast við að opna sjónrænan undraheim fyrsta myndhöggvara landsins og safn hans með stafrænni tækni þannig að listaverkin og rýmið verði aðgengilegt börnum óháð búsetu. Þannig verða listaverkin sem eru til sýnis í safninu á Skólavörðuholti aðgengileg öllum í sýndarheimi. Sama má segja um húsið sjálft, Hnitbjörg. Með því að gefa börnum kost á að skoða safnið frá stafrænu sjónarhorni opnast fyrir nýja túlkunarmöguleika og skilning á Listasafni Einars Jónssonar og undraheimi þess.

BIG BANG tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur

- **Styrkþegi:** Reykjavíkurborg.
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** BIG BANG evrópsk tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur sem fá að upplifa fjölbreytta og metnaðarfulla efnisskrá er samanstendur af tónleikum, innsetningum og tónlistartengdum smíðjum undir handleiðslu fagfólks í tónlist. Sérstök áhersla er lögð á tilraunakennda tónlistarviðburði, tónlistarfólk og tónskáld sem sjá ævintýrið í tónlistarsköpun sinni og vilja leita frjórra leiða til að kynna tónlist fyrir börnum og deila með þeim sviðinu.

Ég um mig frá mér til ÞÍN

- **Styrkþegi:** Austurbrú ses.
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** BRAS menningarhátíð fyrir börn og ungmenni er nú haldin í fimmta sinn og ber nafnið "Ég um mig frá mér til ÞÍN". Blásið verður til menningarveislu um allt Austurland þar sem áhersla er lögð á sjálfsmynd ungs fólks og að börn og ungmenni upplifi fjölbreytta lista- og menningarviðburði í heimabyggð. Í ár er sérstök áhersla lögð á að vinna með menntuðu austfirsku listafólki sem býður uppá vinnusmiðjur í ólíkum listgreinum. Auk þess verður áfram samstarf við fjölmarga aðila sem koma víða að.

Barnabærinn – Draumasamfélag

- **Styrkþegi:** Forvitnissakir, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Barnabærinn - Drauma samfélag er fjögurra daga vinnusmiðja þar sem börn á landsbyggðinni fá tækifæri til að breyta bænum sínum eftir sínu höfði. Verkefnið er framhald lýðræðislega sviðlistaverkefnisins Krakkaveldi, sem sviðslistakonurnar Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir og Hrefna Lind Lárusdóttir hafa haldið utan um.

Skjaldbakan

- **Styrkþegi:** Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg.
- **Fjárhæð:** 3.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Skjaldbakan skriður um landið og býður upp á námskeið í heimildamyndagerð. Hún býður krökkum að horfa í kring um sig og skoða sitt nærumhverfi og sinn hversdagsleika í gegnum nýja linsu. Verkefnið gefur þeim tækifæri til þess að varpa sínum hugarheim á hvíta tjaldið og upplifa sig sem höfund verks í sal fullum af áhorfendum. Skjaldbakan vinnur með börnum á Patreksfirði, Seyðisfirði og í Reykjavík og býr þannig til tengingar þvert yfir landið.

List og lífbreytileiki

- **Styrkþegi:** Náttúruminjasafn Íslands.

- **Fjárhæð:** 3.360.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Hvaða lífverur leynast í mosa? En í jarðvegi, móa eða polli? Hvernig tengjast lífverur umhverfi sínu og öðrum lífverum? Hvað merkir líffræðileg fjölbreytni, og skiptir hún mig máli? Náttúruminjasafn Íslands og BIODICE (biodice.is) í samstarfi við fjölbreyttan og breiðan hóp listafólks munu næsta vetur hefja þverfaglegt og opinskátt samtal við börn og ungmenni um lífbreytileika og mikilvægi hans fyrir komandi kynslóðir og náttúruna í heild sinni.

MegaWhat? - vísindi og sirkus mætast í Elliðaárstöð

- **Styrkþegi:** Hringleikur – sirkuslistafélag.
- **Fjárhæð:** 3.110.000 kr.
- **Stutt lýsing:** MegaWhat? er sviðslista- og þátttökuvíðburður þar sem áhorfendur upplifa eðli náttúruaflanna í gegnum sirkuslistir. Sirkuslistafélagið Hringleikur setur upp staðbundna sirkussýningu, innblásna af tengslum sirkuslista við vísindi og náttúruöflin, í rýmum og umhverfi gömlu rafstöðvar Reykvíkinga, Elliðaárstöð. Að sýningu lokinni fá börn og fjölskyldur sjálf að gera tilraunir með sirkusáhöld í skapandi vísinda-sirkusmiðju sem þróuð er í samstarfi sirkuslistafólks og vísindafólks OR.

Fjölskyldueflandi tónlistarstundir á úkraínsku og pólsku

- **Styrkþegi:** Tónagull ehf.
- **Fjárhæð:** 3.100.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið felst í því að stuðla að fjölskyldueflandi tónlistarstundum fyrir barnafjölskyldur sem hafa úkraínsku og pólsku að móðurmáli. Byggt er á íslenskri fyrirmynd að tónlistarstundum fyrir fjölskyldur sem kallast Tónagull og hafa verið í þróun síðan 2004. Reynsla er komin á pólska útfærslu Tónagulls þar sem unnið hefur verið með pólskan menningararf síðan 2019. Með þessu verkefni stendur til að gera það sama fyrir úkraínska menningarhefð í samstarfi við úkraínskumælandi tónlistarfólk.

Litróf - sköpunarkraftur hinsegin ungmenna

- **Styrkþegi:** Hinsegin dagar í Reykjavík – Reykjavík Pride.
- **Fjárhæð:** 2.300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Litróf - sköpunarkraftur hinsegin ungmenna gefur hinsegin börnum og ungmennum færi á að þróa listræna hæfileika sína, koma hugmyndum sínum á framfæri og kafa ofan í sjálfsmynd sína. Þátttakendur eru hinsegin ungmenni sem verja sumrinu í að þróa listræn sköpunarverk og nýta hæfileika sína á þeim listrænu sviðum sem þau kjósa að einbeita sér að. Afraksturinn eykur sýnileika hinsegin ungmenna á Hinsegin dögum í ágúst og gerir barnamenningu hærra undir höfði innan hinsegin samfélagsins.

Listasmiðja Reykjanes

- **Styrkþegi:** Reykjanesbær.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Listasmiðja Reykjanes er verkefni sem býður börnum og ungmennum í Reykjanesbæ að taka þátt í listastarfi. Áhersla er lögð á að bjóða upp á öruggt umhverfi fyrir listiðkun og félagsleg samskipti sem stuðla að þátttöku til að koma í veg fyrir félagslega einangrun, kvíða og þunglyndi. Verkefnið er starfrækt úr aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima, við Hafnargötu 88 í Reykjanesbæ. Hugmyndin að verkefninu varð til í kjölfarið af vel heppnuðu samstarfsverkefni við Vinnuskóla Reykjanesbæjar sumar 21.

Listsköpun og menning á sumarnámskeiði barna í Grundarfirði

- **Styrkþegi:** Grundarfjarðarbær.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Á sumarnámskeiðum fyrir börn í Grundarfirði eru listir og menning þemað 2022. Þar fá þátttakendur tækifæri til að kynnast vinnu og starfi listamanna í sínu nánasta umhverfi og fá að skapa sjálf. Markmiðið er að kynnast fjölbreyttri listsköpun, bæði í efni og tjáningu - og nýta til eigin listsköpunar barnanna. Með því má efla víðsýni, sjálfstraust, skynjun og samvinnu. Námskeiðið hentar börnum frá 1-4 bekk og unnið verður út frá þeirra getu og áhuga ásamt því að efla sjálfsstyrkingu þeirra.

Sögur - Skapandi skrif og Sögur - Verðlaunahátíð barnanna

- **Styrkþegi:** IBBY á Íslandi, félag.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Við erum umvafin Sögum, þær eru í tónlistinni sem við hlustum á, leiknar á leiksviðum landsins, til sýninga í kvikmyndahúsum og sjónvarpi og auðvitað í bókum sem við lesum og sögunum sem við segjum. Markmið Sagna er að lyfta verkum barna og sýna þeim hvað getur orðið úr hugmyndum þeirra. Hefja upp íslenskuna sem skapandi tungumál og styrkja börn í að nýta tungumálið á fjölbreyttan hátt. Gefa svo börnum rödd til að velja það sem þeim finnst vel gert á sviði barnamennningar.

Safnið okkar – afmælisveisla

- **Styrkþegi:** Listasafn Reykjavíkur.
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Listasafn Reykjavíkur er "safnið okkar" því við sem búum í borginni eigum það saman. Frá 1973 hefur það safnað um 17 þúsund listaverkum og á næsta ári er afmælisár - 50 ára! Að því tilefni eru börn og ungmenni boðin velkomin til að grúska í því sem varðveitt er, þau mega velja sér verk á sýningu, hjálpa okkur að setja verkin upp, finna

leiðir til að segja frá verkunum, t.d. í texta, upptöku eða í samtali við aðra. Síðan er öllum skólum á höfuðborgarsvæðinu boðið að koma og skoða og upplifa.

Feminískt Reif

- **Styrkþegi:** Anna Kolfinna Kuran.
- **Fjárhæð:** 1.760.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Feminískt Reif er dansverk samið af Önnu Kolfinnu Kuran í nánu samstarfi við meðlimi Litlu Systur auk fleiri ungmenna á aldrinum 13-18. Verkið verður flutt á Reykjavík Dance Festival í nóvember 2022. Markmiðið er að skapa feminíska útórpiu þar sem öll upplifa sig örugg og frjáls óháð kyni eða bakgrunni. Verkið er samansuða af reifi og dansverki þar sem ungmennin flytja kraftmikinn dans af mikilli innlifun við taktfasta elektróníska tónlist.

Fjaðrir, fjör, fornmunir og Fablab

- **Styrkþegi:** Menningarmiðstöð Hornafjarðar.
- **Fjárhæð:** 1.700.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Öllum aldursstigum á Hornafirði býðst að taka þátt í spennandi vinnustofum með atvinnuhönnuðum og myndlistarfólki. Krakkarnir fá að vinna með nýjustu tækni á Fablabi en fá um leið að kynnast fornum hefðum og handverki í gegnum muni frá byggðasafninu og verkum á Æðadúnssýningu í Svavarssafni.

Látra-Björg í heimabyggð - Sjókonur og snillingar

- **Styrkþegi:** Kammerhópurinn Reykjavík-Barokk.
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Látra-Björg í heimabyggð - Sjókonur og snillingar er samstarfsverkefni kammerhópsins ReykjavíkBarokk, leikfélagsins Fljúgandi fiska og listakvenna úr ýmsum áttum. Verkefnið er tónleikhús og vinnustofur byggðar á sögu sjó- og skáldkonunnar Bjargar Einarsdóttur, „Látra-Bjargar“ (1716-1784). Sagan er sögð gegnum texta Sigurlínar Bjarneyjar Gísladóttur, kveðskap Bjargar, nýjar (raf)tónsmíðar og strengjakvartett eftir ítalska tónskáldið og fiðluleikarann Maddalenu Lombardini Sirmen (1745-1818).

RVK Fringe 2022

- **Styrkþegi:** Menningarfélagið Hneykslist.
- **Fjárhæð:** 1.450.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Jaðarlistahátíðin RVK Fringe fer fram í fimmta sinn 24. júní - 3. júlí 2022. Sem partur af æskulýðsdagskrá hátíðarinnar fara fram þónokkrar sýningar fyrir börn og unglinga, en einnig sýningar með ungu fólki. Gestir geta valið milli fjölda verka, s.s. dansverka, leiksýninga, og

töfrabragðasýningar og eru þemu allt frá dansgleði og hugsanalestri yfir í einmanaleika og eitraða karlmennsku.

Fiðringur á Norðurlandi

- **Styrkþegi:** Menningarfélag Akureyrar.
- **Fjárhæð:** 1.350.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Fiðringur 2022 er fyrsta hæfileikakeppni grunnskólanna á Norðurlandi í anda Skrekks. Allar listgreinar eru undir og lokakvöldið fer fram í Hofi með tilheyrandi látum og gleði. 8 grunnskólar taka þátt og ryðja brautina fyrir þá sem á eftir koma. Verkefnið snýst um að byggja upp Fiðring til framtíðar og bjóða öllum grunnskólum Norðurlands til þátttöku frá Borðeyri til Bakkafjarðar 2023 með tilheyrandi undankeppnum.

Sögusmiðjan - klúbbur fyrir skapandi krakka

- **Styrkþegi:** Eva Rún Þorgeirsdóttir.
- **Fjárhæð:** 1.300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Sögusmiðjan er vikulegur rit- og teikniklúbbur fyrir 9-12 ára börn, fá leiðsögn í ritlist og myndlýsingu ásamt því að kynna bókasafninu sem stað innblásturs og sköpunar. Klúbburinn verður eftir skólátíma á virkum degi til að vörn venji komur sínar á bókasafnið og að það verður hluti af þeirra hversdegi. Markmiðið er að hvetja börn til að hugsa skapandi, efla sjálfstraust þeirra í gegnum skapandi vinnuferli, vekja áhuga þeirra á lestri og bókmenntum og að þau finni sig örugg á safninu.

TónaTrítl á menningarTölti

- **Styrkþegi:** Ösp Eldjárn Kristjánsdóttir.
- **Fjárhæð:** 1.100.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Tónatrítl er hugljúf tónlistarstund ætluð börnum á aldrinum 0-5 ára og foreldrum þeirra. Um er að ræða 40-60 mínútna samverustund í söng, hreyfingu og dansi sem söngkonan og tónlistarkennarinn Ösp Eldjárn leiðir. Notast verður við íslenskar þulur og barnagælur sem og frumsamin lög og texta í bland við erlend, sem Ösp hefur þýtt og heimfært á íslenska vísu.

Barna- og unglingahátíð Northern Wave

- **Styrkþegi:** Northern Wave, félagasamtök.
Fjárhæð: 1.000.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Á meðan að á Northern Wave Hátíðinni stendur er markmiðið að skipuleggja metnaðarfulla dagskrá fyrir börn og unglinga. Boðið verður upp á super 8 krakkabíó með plakatasmiðju, sundbíó, skuggamyndasmiðju og hreyfimyndasmiðju.

Barnamening á Ljóðasetri

- **Styrkþegi:** Félag um Ljóðasetur Íslands.
- **Fjárhæð:** 906.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Boðið verður upp á 9 viðburði í og við Ljóðasetrið í sumar þar sem börn verða virkjuð til ýmissa skapandi verka m.a. með ljóða- og sögugerð, leik, söng, listaverkasmíð og teikningu. Verða þessi viðburðir alla þriðjudaga, fyrir börn á aldrinum 5 - 12 ára og er enginn aðgangseyrir. Auk þess verða 4 viðburðir fyrir börn sem taka þátt í Ævintýravikum Um Glóa, verða þeir í samstarfi við Ljóðasetrið. Einnig verða sýningar til að sýna afrakstur vinnunnar.

Orgelkrakkahátíð

- **Styrkþegi:** Orgelhúsið, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 700.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Orgelkrakkahátíð er listgjörningur og tónlistarveisla fyrir börn á öllum aldri. Þátttakendur taka virkan þátt og fá að njóta undraheima orgelsins með hlustun, sköpun, smíði og fræðslu með það að markmiði að víkka sjóndeildarhringinn á tónlistarsviðinu. Orgelkrakkahátíð samanstendur af vinnusmiðjunum Orgelkrakkar og orgelspuni, tónleikum þar sem flutt verða frægustu orgelverk sögunnar ásamt tónlist úr þekktum kvikmyndum og flutningi á tónlistarævintýrinu Lítil saga úr orgelhúsi.

Fjórvið virkni

- **Styrkþegi:** Safnasafnið.
- **Fjárhæð:** 614.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Verkefnið Fjórvið virkni er hugsað til þess að auka þátttöku barna í sumarstarfi Safnasafnsins, í fyrsta lagi með því að efna til tveggja sýninga á verkum nemenda Svalbarðstrandahrepps og bjóða yngri gestum safnsins upp á að skoða sýningar safnsins í gegnum Feluleik þar sem verðlaun yrðu áritað skjal og lítið leikfang. Auk þess væri boðið upp á lifandi sýningu á gripum úr Bláa boxinu. Viðhorfskönnun miðluð til barnanna í lok heimsóknar myndi stuðla að þróun starfsemi safnsins og verkefnisins.

Miðlunarsmiðjur Stelpur rokka!

- **Styrkþegi:** Stelpur rokka!, félagasamtök.
- **Fjárhæð:** 600.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Miðlunarsmiðjur Stelpur rokka! er framhald af vel heppnuðu verkefni árið 2021, miðlunarlínu og byggir á sömu hugmyndafræði og starf Stelpur rokka! í tónlist; á samvinnun fræðslu um félagslegt réttlæti og skapandi valdeflingar ungmenna. Miðlunarsmiðjurnar fara fram í rokkbúðum fyrir 13-16 ára í júní 2022 ásamt 10 vikna dagskrá haustið 2022 fyrir 10-17 ára. Þátttakendur

miðlunarsmiðja í rokkbúðum velja áherslusvið: kvikmyndagerð, raftónlistargerð og upptökustjórn, ljósmyndun og hlaðvarpsgerð.

Barnaverkefni Norrænna músíkdaga

- **Styrkþegi:** Tónskáldafélag Íslands.
- **Fjárhæð:** 600.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Norrænir músíkdagar 2022 munu standa fyrir tónleikum í leikskólum borgarinnar þar sem ungir áhorfendur geta fengið að upplifa samtímatónlist á afslappaðan hátt í sínu eigin umhverfi. Hátíðin mun einnig standa fyrir námskeiðum fyrir ungt tónlistarfólk. Námskeiðið „Ungt fjölmiðlafólk“ verður sérstaklega ætlað tónlistarnemendum á menntaskólaaldri en þar fá þeir handleiðslu í að skrifa vandaða gagnrýni um tónleika.

Syngjandi strákar í 30 ár - 30 ára afmælistónleikar Drengjakórs Reykjavíkur

- **Styrkþegi:** Foreldrafélag Drengjakórs Reykjavíkur.
- **Fjárhæð:** 300.000 kr.
- **Stutt lýsing:** Syngjandi strákar í 30 ár eru afmælistónleikar Drengjakórs Reykjavíkur en kórinn fagnaði 30 ára starfsafmæli árið 2020. Vegna heimsfaraldurs COVID-19 var ekki hægt að halda upp á þau merku tímamót á afmælisárinu. Tónleikarnir verða haldnir þann 4. júní næstkomandi og munu bæði atvinnutónlistarmenn og fyrrum kórmeðlimir ganga til liðs við kórinn á tónleikunum. Verkefnið verður kynnt víða með það að markmiði að fagna syngjandi strákum, vekja athygli á starfsemi kórsins og fjölga meðlimum.

